



IS Notkunar- og uppsetningarleiðbeiningar
BHAS (BHA, BHU)

BORA Basic-keramikhelluborð með hraðsuðuhellu og innbyggðum gufugleypi - loftúttak / hringrásarloft



BHASUMIS-004

Notkunar- og uppsetningarleiðbeiningar:

Frumútgáfa

Þýðing

Framleiðandi

BORA Vertriebs GmbH & Co KG

Innstraße 1
6342 Niederndorf
Austurríki

Samskiptaupplýsingar
S +43 (0) 5373/62250-0
mail@bora.com
www.bora.com

Dreifing og fjölföldun þessa skjals, sem og notkun og birting á efni þess, er bönnuð nema sérstaklega hafi verið fengið leyfi til þess.

Mikillar vandvirkni var gætt við gerð þessara notkunar- og uppsetningarleiðbeininga. Engu að síður er ekki hægt að útiloka að síðari tæknilegar breytingar hafi ekki enn verið felldar inn í skjalið eða viðkomandi efni hafi ekki enn verið aðlagð. Við biðjumst velvirðingar ef svo er. Hægt er að panta nýjustu útgáfu skjalsins hjá þjónustudeild BORA. Með fyrirvara um prentvillur og villur.

© BORA Vertriebs GmbH & Co KG

Öll réttindi áskilin.

Efnisyfirlit

1	Almennt	4	7	Notkun	30
1.1	Markhópur.....	4	7.1	Kveikt/slökkt á helluborði og hellu.....	30
1.2	Gildissvið notkunar- og uppsetningarleiðbeininganna.....	4	7.1.1	Kveikt á hellu.....	30
1.3	Önnur skjöl sem eiga við.....	4	7.1.2	Hitastilling valin.....	30
1.4	Framsetning upplýsinga.....	5	7.1.3	Hitastillingu breytt.....	30
2	Öryggi	6	7.1.4	Kveikt á aflstillingu.....	30
2.1	Almennar öryggisupplýsingar.....	6	7.1.5	Slökkt fyrr á aflstillingu.....	30
2.2	Öryggisleiðbeiningar við notkun - Helluborð.....	7	7.1.6	Slökkt á hellu.....	30
2.3	Öryggisleiðbeiningar við notkun - Gufugleypir.....	8	7.1.7	Gætið að hitavísinum.....	30
2.4	Öryggisleiðbeiningar fyrir uppsetningu.....	9	7.1.8	Sjálfvirk hraðhitun notuð.....	30
2.5	Öryggisleiðbeiningar fyrir Prif og umhirða.....	10	7.1.9	Notkun tímastillingar.....	31
2.6	Öryggisleiðbeiningar - tækið fjarlægt og því fargað.....	10	7.1.10	Barnalæsing sett á / tekin af.....	31
2.7	Öryggisleiðbeiningar fyrir varahluti.....	10	7.2	Notkun gufugleypisins.....	32
2.8	Fyrirhuguð notkun.....	11	7.2.1	Kveikt á gufugleypi.....	32
3	Tæknilýsing	12	7.2.2	Viftustilling valin.....	32
4	Orkumerking	14	7.2.3	Viftan stillt á að ganga áfram.....	32
5	Lýsing á tækinu	15	7.2.4	Slökkt á gufugleypi.....	32
5.1	Uppbygging.....	15	7.3	Gætið að síuvísinum.....	33
5.2	Stjórnborðið og notkun þess.....	16	7.4	Orkusparnaður.....	33
5.3	Hvernig hellurnar virka.....	17	8	Prif og umhirða	34
5.3.1	Hitastillingar.....	17	8.1	Hreinsiefni.....	34
5.3.2	Aflstilling.....	17	8.2	Umhirða helluborðs.....	34
5.3.3	Sjálfvirk hraðhitun.....	17	8.3	Helluborðið þrifið.....	34
5.3.4	Tímastilling.....	17	8.4	Gufugleypirinn þriffin.....	35
5.3.5	Hentug eldunaráhöld.....	17	8.4.1	Loftinntakstúðan og fitusían tekin úr.....	35
5.4	Hvernig gufugleypirinn virkar.....	17	8.4.2	Loftinntakstúðan og fitusían þrifnar.....	35
5.4.1	Aflstilling.....	17	8.4.3	Fitusían og loftinntakstúðan settar í.....	35
5.4.2	Sjálfstýring lætur ganga áfram.....	17	8.5	Loftlagnahúsið þrifið.....	35
5.4.3	Síuvísir.....	17	8.5.1	Loftlagnahúsið opnað.....	35
5.5	Öryggisbúnaður.....	18	8.5.2	Loftlagnahúsinu lokað.....	36
5.5.1	Hitavísir.....	18	8.6	Skipt um kolasíu.....	36
5.5.2	Öryggisútsláttur.....	18	9	Bilanir lagfærðar	38
5.5.3	Vörn gegn ofhitnun.....	18	10	Helluborðið tekið úr notkun, fjarlægt og því fargað	39
5.5.4	Slökkt sjálfkrafa þegar hnappi er haldið lengi inni.....	18	10.1	Tækið tekið úr notkun.....	39
5.5.5	Barnalæsing.....	18	10.2	Tækið fjarlægt.....	39
6	Uppsetning	19	10.3	Umhverfisvæn förgun.....	39
6.1	Innihald athugað.....	19	11	Ábyrgð, tæknipjónusta, varahlutir, aukabúnaður	40
6.2	Verkfæri og hjálpartæki.....	19	11.1	Framleiðsluábyrgð BORA.....	40
6.3	Leiðbeiningar um uppsetningu.....	19	11.1.1	Framlenging á ábyrgð.....	40
6.3.1	Öryggisfjarlægðir.....	19	11.2	Pjónusta.....	40
6.3.2	Borðplata og eldhúsinnrétting.....	20	11.3	Varahlutir.....	40
6.4	Skurðarmál fyrir helluborðið.....	20	11.4	Aukabúnaður.....	41
6.5	Þéttlisti settur á.....	21	12	Glósur	42
6.6	Útfærsla fyrir hringrásarloft (BHU) sett upp.....	21			
6.7	Útfærsla með loftúttaki (BHA) sett upp.....	24			
6.7.1	Gufugleypir notaður ásamt eldstæði sem tekur inn loft úr rýminu.....	24			
6.8	Tenging við rafmagn.....	28			
6.9	Tækið afhent notanda.....	29			

1 Almennt

1.1 Markhópur

Þessar notkunar- og uppsetningarleiðbeiningar eru ætlaðar eftirfarandi markhópum:

Markhópur	Kröfur
Notendur	Börn eldri en 8 ára og einstaklingar með skerta líkamsgetu, skyngetu eða andlega getu og einstaklingar sem ekki hafa reynslu og/eða þekkingu mega nota vöruna, svo fremi sem þeir eru undir eftirliti aðila sem gætir öryggis þeirra eða að þeir hafi fengið tilsögn hjá viðkomandi aðila um örugga notkun tækisins og þeim hafi verið gerð skýr grein fyrir hættunum. Hafa skal eftirlit með börnum. Fylgja verður öllum öryggisleiðbeiningum og viðvörðunum, sem og fyrirmælum í notkunarleiðbeiningunum.
Laghentur aðili	Laghentur aðili má annast alla nauðsynlega smíða- og uppsetningarvinnu sjálfur, svo fremi sem hann býr yfir nauðsynlegri færni og viðeigandi fagþekkingu. Hann má hins vegar alls ekki tengja rafmagn og gas á eigin spýtur.
Fagaðilar á sviði uppsetningar	Fagaðilar á sviði uppsetningar mega annast alla nauðsynlega smíða- og uppsetningarvinnu samkvæmt gildandi reglum. Rafmagns- og gastengingar verða að vera teknar út af viðurkenndum fagaðila á viðkomandi sviði áður en þær eru teknar í notkun.
Rafvirkjar	Viðurkenndur fagaðili verður að annast tengingu við rafmagn. Hann skal einnig bera ábyrgð á því að farið sé rétt að þegar búnaðurinn er tengdur við rafmagn og tekinn í notkun.
Fagaðilar fyrir gasbúnað	Viðurkenndur fagaðili verður að annast tengingu við gas. Hann skal einnig bera ábyrgð á því að farið sé rétt að þegar búnaðurinn er tengdur við gas og tekinn í notkun.

Tafla 1.1 Markhópar

UPPL. Fyrirtækin BORA Holding GmbH, BORA Vertriebs GmbH & Co KG, BORA APAC Pty Ltd sem og BORA Lüftungstechnik GmbH – hér eftir nefnd BORA – eru ekki ábyrg fyrir tjóni sem rekja má til þess að ekki er farið eftir þessum skjölum og ekki er farið rétt að við uppsetningu! Viðurkenndir fagaðilar verða að annast allar tengingar við rafmagn og gas. Við uppsetningu verður ávallt að fylgja gildandi stöðlum, reglum og lögum. Fylgja verður öllum öryggisleiðbeiningum og viðvörðunum, sem og fyrirmælum í notkunar- og uppsetningarleiðbeiningunum.

1.2 Gildissvið notkunar- og uppsetningarleiðbeininganna

Þessar leiðbeiningar eiga við fyrir mismunandi gerðir tækja. Af þessum sökum getur verið að einstaka lýsingar á útbúnaði eigi ekki við fyrir tækið þitt.

1.3 Önnur skjöl sem eiga við

Auk þessara notkunar- og uppsetningarleiðbeininga eiga önnur skjöl einnig við sem verður að fylgja. Lesa skal öll skjöl sem fylgja með tækinu og fara eftir því sem þar kemur fram.

UPPL. BORA ber enga ábyrgð á tjóni sem hlýst af því að þessum skjölum er ekki fylgt!

Tilskipanir

Þetta tæki er í samræmi við eftirfarandi ESB/EB-tilskipanir:

Tilskipun 2014/30/ESB um rafsegulsviðssamhæfi
 Tilskipun 2014/35/ESB um lágspennu
 Tilskipun 2009/125/EB um visthönnun
 Tilskipun 2010/30/ESB um orkumerkingar
 Tilskipun 2011/65/ESB um takmörkun á notkun tiltekinna hættulegra efna í raf- og rafeindatækjum
 Tilskipun 2012/19/ESB um raf- og rafeindabúnaðarúrgang

1.4 Framsetning upplýsinga

Svo lesendur geti notað leiðbeiningarnar hratt og örugglega er notkun útlits, tölusetningar, tákna, öryggisleiðbeininga, hugtaka og skammstafana með samræmdum hætti.

Leiðbeiningar um aðgerðir eru auðkenndar með ör.

► Fylgja skal öllum leiðbeiningum í þeirri röð sem þær koma fyrir.

Upptalningar eru merktar með ferköntuðu upptalningarmerki við upphaf línu.

- Upptalning 1
- Upptalning 2

UPPL. Upplýsingar sem vísa á sérstök atriði sem verður skilyrðislaust að fara eftir.

Öryggisleiðbeiningar og viðvaranir

Öryggisleiðbeiningar og viðvaranir í þessum leiðbeiningum eru auðkenndar með táknum og viðvörunarorðum.

Öryggisleiðbeiningar og viðvaranir eru settar fram á eftirfarandi hátt:

VIÐVÖRUNARMERKI OG VIÐVÖRUNARORÐ!

Tegund og orsök hættu

Afleiðingar ef leiðbeiningum er ekki fylgt

► Ráðstafanir til að forðast hættu

Þar gildir:

- Viðvörunarmerkið vekur athygli á hættunni.
- Viðvörunarorðið gefur til kynna hversu mikil hættu er á ferðum.

Viðvörunarmerki	Viðvörunarorð	Áhætta
	Hætta	Bendir á bráða hættu sem leiðir til dauða eða alvarlegra slysa ef ekki er farið eftir leiðbeiningum.
	Viðvörun	Bendir á mögulega hættu sem getur leitt til dauða eða alvarlegra slysa ef ekki er farið eftir leiðbeiningum.
	Varúð	Bendir á mögulega hættu sem getur leitt til óverulegra eða vægra áverka ef ekki er farið eftir leiðbeiningum.
–	Varúð	Bendir á aðstæður sem geta leitt til eignatjóns ef ekki er farið eftir leiðbeiningum.

Tafla 1.2 Merking viðvörunarmerkja og viðvörunarorða

2 Öryggi

2.1 Almennar öryggisupplýsingar

UPPL. Þetta tæki uppfyllir lögboðnar öryggiskröfur. Notandi er ábyrgur fyrir þrifum á tækinu, umhirðu þess og því að öryggis sé gætt við notkun. Röng notkun getur haft í för með sér líkams- og eignatjón.

- Notkunar- og uppsetningarleiðbeiningarnar innihalda mikilvægar upplýsingar um uppsetningu og notkun. Með því að fylgja þeim má koma í veg fyrir slys og skemmdir á tækinu. Á bakhlið þessara notkunar- og uppsetningarleiðbeininga er að finna samskiptaupplýsingar fyrir frekari upplýsingar og spurningar varðandi notkun.
- Hugtakið tæki er hér notað um helluborð, gufugleypa og helluborð með innbyggðum gufugleypi.
 - ▶ Lesið notkunar- og uppsetningarleiðbeiningarnar vandlega áður en tækið er tekið í notkun.
 - ▶ Geymið notkunar- og uppsetningarleiðbeiningarnar á vísam stað, svo hægt sé að grípa til þeirra þegar á þarf að halda.
 - ▶ Ef tækið er selt skal afhenda nýja eigandanum notkunar- og uppsetningarleiðbeiningarnar.
 - ▶ Sýnið fyllstu aðgát og samviskusemi við alla vinnu.
 - ▶ Athugið hvort sýnilegar skemmdir eru á tækinu þegar það er tekið úr umbúðunum.
 - ▶ Ekki tengja skemmt tæki.
 - ▶ Aðeins skal setja tækið í samband eftir uppsetningu lagnakerfis eða tengingu lofthringrásarsíunnar við rafmagnið.
 - ▶ Ekki má nota tækið fyrr en uppsetningu er að fullu lokið, því annars er ekki hægt að tryggja öryggi við notkun.
 - ▶ Gætið þess að enginn snerti heitar hellur.
 - ▶ Ekki má setja neina hluti á stjórnborðið eða fyrir loftinntakstúðu gufugleypisins.
 - ▶ Slökkvið á tækinu eftir notkun.
 - ▶ Haldið gæludýrum fjarri tækinu.

VARÚÐ!

Slyshætta vegna hluta sem falla af tækinu!

Hlutir sem falla af tækinu, t.d. pottagrindur, stjórnæki, lok eða fitusíur, geta valdið slysum.

- ▶ Gangið örugglega frá íhlutum sem teknir eru úr tækjum við hlið tækjanna.
- ▶ Sjáið til þess að íhlutir sem teknir eru úr tæki geti ekki fallið niður.

Óheimilar breytingar

Óheimilar breytingar geta leitt til þess að hætta stafi af tækinu.

- ▶ Ekki gera neinar breytingar á tækinu.

Heimili með börn og fólk með sérþarfir

- ▶ Börn eldri en 8 ára og einstaklingar með skerta líkamsgetu, skyngetu eða andlega getu og einstaklingar sem ekki hafa reynslu og/eða þekkingu mega nota vöruna, svo fremi sem þeir eru undir eftirliti aðila sem gætir öryggis þeirra eða að þeir hafi fengið tilsögn hjá viðkomandi aðila um örugga notkun tækisins og þeim hafi verið gerð skýr grein fyrir hættunum.
- ▶ Hafið eftirlit með börnum nálægt tækinu.
- ▶ Börn mega ekki leika sér með tækið.
- ▶ Notið barnalæsinguna til að koma í veg fyrir að börn geti kveikt á helluborðinu eða breytt stillingum þess eftirlitslaust.
- ▶ Ekki geyma neina hluti sem gætu vakið áhuga barna í geymslurýmum fyrir ofan eða á bak við tækið. Annars geta börn freistast til þess að klifra upp á tækið.
- ▶ Haldið börnum og öðru fólki frá heitum hellum.

Loft í hringrás

UPPL. Við suðu losnar raki út í andrúmsloftið.

UPPL. Við notkun með hringrásarlofti er aðeins lítil hluti raka fjarlægður úr gufu frá matseld.

- ▶ Þegar tækið er notað með hringrásarlofti skal sjá til þess að aðstreymi fersks lofts sé nægilegt, t.d. með því að opna glugga.

- ▶ Sjáið til þess að eðlilegt og þægilegt loft sé í rýminu (45–60% raki), t.d. með því að opna náttúruleg loftop eða með því að nota loftræstikerfi fyrir heimili.
- ▶ Eftir hverja notkun með hringrásarlofti skal stilla gufugleypinn á lágan styrk í u.þ.b. 20 mínútur eða stilla á að hann gangi sjálfkrafa áfram.

2.2 Öryggisleiðbeiningar við notkun - Helluborð

- ▶ Forðist að láta sjóða yfir.
- ▶ Gætið að hitavísinum.
- ▶ Ekki má setja heit eldunaráhöld nálægt stjórnborðinu svo rafeindabúnaðurinn þar undir skemmist ekki.
- ▶ Gætið þess að engin óhreinindi eða raki séu á botni eldunaráhalds og hellum.
- ▶ Lyftið eldunaráhöldum alltaf upp (ekki toga) til að forðast rispur og slit á yfirborðsflötum.



HÆTTA! Eldhætta ef ekki er fylgst með helluborðinu!

- Olía og feiti getur hitnað hratt og kviknað getur í henni.
- ▶ Ekki má hita olíu eða feiti án eftirlits.
 - ▶ Alls ekki má reyna að slökkva brennandi olíu eða feiti með vatni.
 - ▶ Kæfðu eldinn, til dæmis með loki.



HÆTTA! Sprengihætta vegna eldfims vökva! Eldfimir vökvar í nágrenni helluborðsins geta sprungið og valdið alvarlegu líkamstjóni.

- ▶ Ekki geyma neina eldfima vökva nálægt helluborðinu.



HÆTTA! Hætta er á raflosti! Ef sprungur koma í keramikflötinn eða það kvarnast úr honum getur rafeindabúnaðurinn þar fyrir neðan orðið óvarinn eða orðið fyrir skemmdum. Þetta getur haft í för með sér raflost.

- ▶ Slökkvið tafarlaust á helluborðinu ef sprungur koma í keramikflötinn eða það kvarnast úr honum.
- ▶ Rjúfið strauminn til tækisins á öruggan hátt með lekaliða, öryggjum, sjálfvörum eða snertlum.



VIÐVÖRUN! Hætta er á að brenna sig á heitu helluborðinu!

Helluborðið og snertanlegir hlutar þess hitna við notkun. Þegar slökkt er á hellu þarf hún fyrst að ná að kólna niður fyrir 60 °C. Snerting við heita fleti getur valdið alvarlegum brunasárum.

- ▶ Komið aldrei við helluborðið þegar það er heitt.
- ▶ Haldið börnum frá helluborðinu þegar það er heitt eða hafið stöðugt eftirlit með þeim.



VIÐVÖRUN! Meðan að rafmagnslaust er eða þar á eftir geta helluborð enn verið heit!

Ef rafmagnslaust er getur helluborð sem þar áður var í notkun enn verið heitt, þó að enginn afgangshiti sé sýndur.

- ▶ Ekki snerta helluborðið, svo lengi sem það er enn heitt.
- ▶ Haldið börnum fjarri heitum helluborðum.



VIÐVÖRUN! Eldhætta vegna hluta á hellum!

Helluborðið og snertanlegir hlutar þess eru heitir á meðan kveikt er á hellum og á meðan þær eru að kólna. Hlutar sem settir eru á helluborðið geta orðið heitir og kviknað getur í þeim.

- ▶ Ekki skilja neina hluti eftir á helluborðinu.



VIÐVÖRUN! Hætta er á að brenna sig á heitum hlutum!

Helluborðið og snertanlegir hlutar þess eru heitir á meðan kveikt er á helluborðinu og á meðan það er að kólna. Hlutar sem settir eru á helluborðið hitna mjög hratt og geta orsakað alvarleg brunasár. Þetta á sérstaklega við um málmhluti (t.d. hnífa, gaffla, skeiðar og lok).

- ▶ Ekki skilja neina hluti eftir á helluborðinu.
- ▶ Notið viðeigandi hjálpartæki (pottaleppa, hitapolna hanska).

**VIÐVÖRUN!**

Hætta er á að brenna sig á heitum eldunaráhöldum!

- Börn geta freistast til að taka í sköft sem standa út fyrir brúnir.
- ▶ Ekki snúa sköftum á pottum og pönnum þannig að þau standi út fyrir vinnuflötinn.
 - ▶ Sjáið til þess að börn geti ekki dregið niður heita potta og pönnur.
 - ▶ Notið viðeigandi hellugrindur.
 - ▶ Ekki má nota óhentugar hellugrindur (slyshætta).
 - ▶ Fáíð leiðbeiningar um val á hentugri hellugrind hjá söluaðila eða þjónustudeild BORA.

**VIÐVÖRUN!**

Hætta er á að brenna sig!

- Vökvi milli hellu og botns á potti getur gufað upp og valdið brunasárum á húð.
- ▶ Gætið þess að ekki sé raki á hellunni og botni pottsins.

VARÚÐ!

Hætta er á skemmdum vegna harða og oddhassra hluta!

- Harðir og oddhassir hlutir geta skemmt keramikflötinn á helluborðinu.
- ▶ Notið helluborðið ekki sem vinnuborð.
 - ▶ Ekki má nota harða og oddhassa hluti þegar unnið er á helluborðinu.

VARÚÐ!

Skemmdir vegna sykraðs og salts matar!

- Sykraður og saltur matur og ávaxtasafar geta valdið skemmdum á heitri hellu.
- ▶ Gætið þess að hvorki sykraður og saltur matur né ávaxtasafar fari á heita helluna.
 - ▶ Fjarlægið sykraðan og saltan mat og ávaxtasafa strax af heitri hellunni.

VARÚÐ!

Heitur vökvi getur runnið út!

- Ef ekki er fylgst með suðunni getur soðið upp úr og heitur vökvi runnið út.
- ▶ Fylgjast verður með suðunni.
 - ▶ Þegar um stutta suðu er að ræða verður að fylgjast stöðugt með.

VARÚÐ!

Skemmdir vegna hluta á helluborðinu!

- Hlutir eins og t.d. lok af pottum sem lögð eru á helluborðið geta valdið skemmdum á keramikfletinum.
- ▶ Ekki setja neina hluti á heitt helluborðið.

2.3 Öryggisleiðbeiningar við notkun - Gufugleypir

- ▶ Setjið ekki heit eldunaráhöld á loftinntakstúðu gufugleypisins.
- ▶ Gætið þess að heit eldunaráhöld komi ekki við brún loftinntakstúðunnar.

**HÆTTA!**

Lífshætta vegna reykeitrunar!

- Við notkun á eldstæði sem tekur inn loft úr rýminu verða til brunaloftegundir.
- Ef gufugleypirinn er notaður ásamt eldstæði sem tekur inn loft úr rýminu getur hann dregið eittraðar brunaloftegundir (kolmónoxíð) úr reykháfum eða útblásturslögninni og inn í herbergið.
- ▶ Gætið þess að næg loftræsting sé alltaf fyrir hendi.

**HÆTTA!**

Eldhætta vegna eldsteikingar!

- Á meðan gufugleypirinn er í gangi sogað hann upp feiti frá matseldinni. Eldsteiking á mat getur leitt til þess að það kvikni í feiti.
- ▶ Þrífið gufugleypinn reglulega.
 - ▶ Vinnið aldrei með opinn eld á meðan gufugleypirinn er í gangi.

**HÆTTA!**

Eldhætta vegna uppsöfnunar á fitu!

- Ef fitusían er ekki hreinsuð reglulega getur fita safnast fyrir í henni. Það eykur eldhættu.
- ▶ Hreinsið og skiptið um síu reglulega.

**VARÚÐ!**

Snertanlegir hlutir geta orðið heitir!

- Gufugleypirinn og snertanlegir hlutar hans eru heitir á meðan kveikt er á hellum og á meðan þær eru að kólna.
- ▶ Notið viðeigandi hjálpartæki (pottaleppa, hitapolna hanska).

**VIÐVÖRUN!**

Slyshætta þegar neðra lokið á húsinu er opnað!

Hætta er á slysum þegar viftuhjólið snýst.

- ▶ Slökkvið á gufugleypinum og helluborðinu.
- ▶ Sláið út með örygginu.

VARÚÐ!

Skemmdir vegna hluta eða pappírs sem sogast inn!

Litlir og léttir hlutir, eins og hreinsiklútar úr tauefni eða pappír, geta sogast inn í gufugleypinn. Það getur skemmt viftuna eða skert frásogið.

- ▶ Ekki geyma neina hluti eða pappír á gufugleypinum.

VARÚÐ!

Skemmdir vegna uppsöfnunar fitu og óhreininda!

Uppsöfnun fitu og óhreininda getur orðið til þess að gufugleypirinn virki ekki rétt.

- ▶ Notið gufugleypinn aldrei án fitusú.

2.4 Öryggisleiðbeiningar fyrir uppsetningu

Uppsetning og samsetning tækisins má eingöngu vera á höndum sérþjáfaðra fagaðila sem eru kunnugir og fylgja innlendum reglum og frekari reglum raforkufyrirtækja á staðnum.

Vinna við rafbúnað verður að vera á höndum faglærðra rafvirkja.

Rafmagnsöryggi tækisins er einungis tryggt ef það er tengt við varnarleiðarakerfi sem samræmist reglum. Sjá skal til þess að þessi grundvallarráðstöfun vegna öryggis sé gerð.

- ▶ Athugið hvort sýnilegar skemmdir eru á tækinu áður en það er sett upp.
 - ▶ Ef tækið er skemmt má ekki setja það upp.
 - Skemmt tæki skapar hættu.
- Viðgerðir verða að vera á höndum fagaðila sem framleiðandi viðurkennir.

**HÆTTA!**

Köfnunarhætta!

Umbúðir (t.d. filmur og frauðplast) geta verið lífshættulegar fyrir börn.

- ▶ Geymið umbúðir þar sem börn ná ekki til.
- ▶ Fargið umbúðunum strax með viðeigandi hætti.

2.4.1 Öryggisleiðbeiningar fyrir uppsetningu - Helluborð

**HÆTTA!**

Hætta er á raflosti!

Hætta er á raflosti ef tækið er ekki tengt rétt við veituspennu.

- ▶ Gangið úr skugga um að tækið sé fasttengt við veituspennu.
- ▶ Tryggið að tækið sé tengt við varnarleiðarakerfi sem samræmist reglum.
- ▶ Tryggið að búnaður sé fyrir hendi sem gerir kleift að rjúfa samband við veitukerfi með að minnsta kosti 3 mm alpóla rofi (lekaliða, öryggjum, sjálfvörum, snertlum).

**HÆTTA!**

Hætta er á raflosti!

Ef rafmagnsleiðslan kemst í snertingu við heitar hellur gæti hún orðið fyrir skemmdum. Skemmd rafmagnsleiðsla getur valdið (banvænu) raflosti.

- ▶ Tryggið að rafmagnsleiðslan komist ekki í snertingu við heitar hellur.
- ▶ Gætið þess að klemma ekki rafmagnssnúruna eða skemma hana.

**VARÚÐ!**

Að lyfta þungum hlutum getur valdið bakáverkum!

Ef ekki er farið rétt að getur það að fjarlægja og setja tækið í valdið skaða á útlimum og bók.

- ▶ Að lyfta helluborðinu upp úr umbúðunum er tveggja manna verk.
- ▶ Að setja helluborðið í opið í borðplötunni er tveggja manna verk.
- ▶ Ef þörf krefur skal nota viðeigandi hjálpartæki til að koma í veg fyrir skaða eða áverka á útlimum og bók.

2.4.2 Öryggisleiðbeiningar fyrir uppsetningu - Gufugleypir



HÆTTA! Eitrunarhætta vegna brunalofrttegunda!

Pegar gufugleypirinn er notaður með loftúttaki dregur hann loft úr rýminu sem hann er settur upp í og nálægum rýmum. Ef aðstreymi lofts er of lítið myndast undirprýstingur. Eitraðar lofttegundir sogast úr skorsteininum eða útblásturslögn eldstæðisins og aftur inn í rýmin.

- ▶ Gætið þess að næg loftræsting sé alltaf fyrir hendi.
- ▶ Notið aðeins viðurkenndan og prófaðan rof- og stýribúnað (t.d. gluggarofa, undirprýstingsmæli) og fáið hann samþykktan af viðurkenndum sérfræðingi (sótara).



HÆTTA! Hætta er á raflosti!

Hætta er á raflosti ef tengileiðslur ytri rof- og stýribúnaðar eru ekki afeinangraðar á réttan hátt.

- ▶ Gætið þess að farið sé að fyrirmælum um lengd fyrir afeinangrun.

Sérstakar öryggisáþendingar fyrir útblásturskerfi:

- ▶ Við beint lagnakerfi á milli víftu og veggrörs skal athuga lengd lagnarinnar.
- Á milli útblástursop víftunnar og útblástursops veggrörsins verður að gera ráð fyrir að minnsta kosti 90 cm lagnalengd.

2.5 Öryggisleiðbeiningar fyrir Þrif og umhirða

Hreinsa verður tækið reglulega. Óhreinindi geta leitt til skemmda eða ólyktar. Fjarlægið öll óhreinindi strax.

- Börn mega ekki annast þrif og umhirðu án eftirlits.
- ▶ Ekki má nota gufuhreinsi við þrif. Gufan getur valdið skammhlaupi á spennuhafa hlutum og orsakað skemmdir (sjá kaflann „Þrif og umhirða“).
- ▶ Gætið þess að ekkert vatn geti borist inn í tækið við þrif. Aðeins á að nota lítillaga raka tusku. Úðið aldrei vatni á tækið. Ef vatn berst inn í tækið getur það valdið skemmdum!

- ▶ Hreinsið helluborðið helst eftir hverja notkun.
- ▶ Þrifið helluborðið ekki fyrr en það hefur náð að kólna.
- ▶ Við þrif skal einungis nota hreinsiefni sem eru ekki gróf til að forðast rispur og slit á yfirborðsflötum.

2.6 Öryggisleiðbeiningar – tækið fjarlægt og því fargað

Fjarlæging tækisins má eingöngu vera á höndum sérþjálfara fagaðila sem eru kunnugir og fylgja innlendum reglum og frekari reglum raforkufyrirtækja á staðnum.

Vinna við rafbúnað verður að vera á höndum faglærðra rafvirkja.



HÆTTA! Hætta er á raflosti!

Hætta er á raflosti ef tækið er ekki aftengt frá veituspennu á réttan hátt.

- ▶ Rjúfið strauminn til tækisins á öruggan hátt með lekaliða, öryggjum, sjálfvörum eða snertlum.
- ▶ Notið viðurkennt mælitæki til að tryggja að engin spenna sé á tækinu.
- ▶ Forðist að snerta laus tengi á rafmagnstækinu þar sem afgangsspenna getur verið fyrir hendi.

2.7 Öryggisleiðbeiningar fyrir varahluti



VIÐVÖRUN! Hætta er á meiðslum og skemmdum!

Rangir íhlutir geta leitt til slysa á fólki eða skemmda á tækinu. Breytingar og viðbætur á tækinu geta stefnt öryggi í hættu.

- ▶ Aðeins má nota upprunalega varahluti við viðgerðir.

UPPL. Skemmda rafmagnssnúru verður að skipta út fyrir viðeigandi rafmagnssnúru. Þetta má aðeins eiga sér stað gegnum viðurkenndan þjónustuaðila.

2.8 Fyrirhuguð notkun

Ekki má nota tækið í meira en 2000 m hæð (yfir sjávarmáli).

Tækið er eingöngu ætlað til matreiðslu á heimilum. Tækið er ekki ætlað til:

- notkunar utanhúss
- uppsetningar í ökutækjum
- upphitunar í herbergjum
- notkunar á stöðum sem eru ekki kyrrstæðir (t.d. á skipum)
- notkunar með ytri tímarofa eða fjarstýringu

Öll önnur notkun en sú sem tilgreind er í þessum notkunar- og uppsetningarleiðbeiningum eða notkun sem gengur lengra en hér er lýst telst vera röng. BORA ber ekki ábyrgð á skemmdum sem rekja má til rangrar notkunar.

Öll misnotkun er bönnuð!


UPPL. Fyrirtækin BORA Holding GmbH, BORA Vertriebs GmbH & Co KG, BORA APAC Pty Ltd og BORA Lüftungstechnik GmbH eru ekki ábyrg fyrir tjóni sem rekja má til þess að ekki er farið eftir öryggisleiðbeiningum og viðvörnum.

3 Tæknilýsing


Færibreyta	Gildi
Tengispenna	380-415 V 3N
Tíðni	50 Hz
Öryggi minnst	1 x 32 A / 2 x 16 A
Heildarafl	7,0 kW
Fasaspenna	AC 220 - 240 V / 50 Hz
Aðalmál (breidd x dýpt x hæð) (án lagnatenginga)	760 x 515 x 196 mm
Þyngd (með aukabúnaði/umbúðum)	u.þ.b. 25 kg
Helluborð	
Eins hrings hraðsuðuhella vinstra megin að framan	210 mm 2100 W
Aflstilling	3000 W
Eins hrings hella vinstra megin að aftan	140 mm 1200 W
Eins hrings hella hægra megin að framan	210 mm 2300 W
Eins hrings hella hægra megin að aftan	140 mm 1200 W
Hitastillingar	1 - 9, aflstilling
Orkunotkun helluborðs	
Hella 1 (210 mm)	187,6 (Wh/kg)
Hella 2 (140 mm)	177,5 (Wh/kg)
Hella 3 (210 mm)	219,7 (Wh/kg)
Hella 4 (140 mm)	181,2 (Wh/kg)
Alls	191,5 (Wh/kg)
Kerfi með loftúttaki (BHA)	
Hámarksflæði	646,9 m ³ /klst.
Stöðuþrýstingur að hámarki	339 Pa
Aflstjórnun	1 - 2, aflstilling
Tenging fyrir loftúttak (BHA)	222 x 40 x 89 mm
Kerfi með hringrásarlofti (BHU)	
Hámarksflæði	624,6 m ³ /klst.
Stöðuþrýstingur að hámarki	341 Pa
Aflstjórnun	1 - 2, aflstilling
Tenging fyrir hringrásarloft (BHU)	650 x 90 mm
Sía fyrir hringrásarloft	
Flatarmál síu	2 x 0,4m ²
Notkunartími síu	150 vinnustundir
Endingartími	1 ár

Tafla 3.1 Tæknilýsing


Mál BHA-tækis




Mynd 3.1 Mál BHA-tækis séð ofan frá




Mynd 3.2 Mál BHA-tækis séð að framan



Mynd 3.3 Mál BHA-tækis séð frá hlið




Mynd 3.4 Mál BHA-tækis séð frá hlið með láréttri framlengingu á útblásturslögn BLAVH1




Mynd 3.7 Mál BHU-tækis séð frá hlið

Mál BHU-tækis



Mynd 3.5 Mál BHU-tækis séð ofan frá



Mynd 3.6 Mál BHU-tækis séð að framan

4 Orkumerking

Vöruheiti			
Keramikhelluborð með fjórar hellur og innbyggðan gufugleypi	BHA	BHU	
Vinnslumáti	Útblástursloft	Hringrásarloft	
Orkunotkun	Gildi	Gildi	EN-staðall
Orkunotkun á ári (AEC_{hood})	87,5 kW/a	94,2 kW/a	61591
Orkunýtniflokkur	C	*	61591
Afköst			
Straumafllfræðileg afköst (FDE_{hood})	15,7	13,1	61591
Straumafllfræðilegur afkastaflokkur	D	*	61591
Lýsing			
Lýsingarnýtni (LE_{hood})	* lx/Watt	* lx/Watt	*
Lýsingarnýtniflokkur	*	*	*
Fitusíun			
Stig 2 hámark (GFE_{hood})	88,5%	88,5%	61591
Flokkur: Stig 2 eðlilegt	B	*	61591
Fitusíun (viðbótarupplýsingar)			
Stig P hámark (GFE_{hood})	93%	93%	61591
Flokkur: Stig P hámark	B	*	61591
Afköst			
Loftstreymi: Stig 1 lágmark	342 m ³ /klst.	* m ³ /klst.	61591
Loftstreymi: Stig 2 eðlilegt	497 m ³ /klst.	* m ³ /klst.	61591
Loftstreymi: Stig P hámark (Q_{Max})	647 m ³ /klst.	624 m ³ /klst.	61591
Hljóðafsstig			
Stig 1 lágmark	55 dB(A)	* dB(A)	60704-2-13
Stig 2 eðlilegt	64 dB(A)	65 dB(A)	60704-2-13
Stig P hámark	69 dB(A)	70 dB(A)	60704-2-13
Hljóðþrýstistig (viðbótarupplýsingar)			
Stig 1 lágmark	43 dB(A)	* dB(A)	**
Stig 2 eðlilegt	51 dB(A)	53 dB(A)	**
Stig P hámark	57 dB(A)	57 dB(A)	**
Upplýsingar skv. 66/2014			
Inngangsafl þegar slökkt er á tækinu (P_0)	< 0,5 W	< 0,5 W	61591
Tímaaukningarstuðull	1,4	1,5	61591
Orkunýtnistuðull (EI_{hood})	79,9	85,6	61591
Loftflæði við bestu afköst (Q_{BEP})	370,8 m ³ /klst.	320,8 m ³ /klst.	61591
Þrýstingur við bestu afköst (P_{BEP})	261 Pa	253 Pa	61591
Innafl við bestu afköst (W_{BEP})	171,2 W	172,1	61591

Tafla 4.1 Upplýsingar um orkumerkingu

(Upplýsingar um hringrásarloft eru valfrjálssar og þurfa ekki að koma fram á merkingu)

* Þetta atriði á ekki við fyrir þessa vöru.

** Hljóðþrýstistigið var mælt í 1 m fjarlægð (fjarlægðarháð mæling stiga) á grundvelli hljóðafsstigs samkvæmt EN 60704-2-13.

5 Lýsing á tækinu

Fylgið öllum öryggisupplýsingum og viðvörðunum við notkun (sjá kaflann „Öryggi“).

Helluborðið með gufugleypinum hefur eftirfarandi eiginleika:

Helluborð:

- Aflstilling
- Sjálfvirk hraðhitun
- Haldið heitu
- Tímastilling
- Hitavísir
- Barnalæsing
- Öryggisútsláttur

Gufugleypir:

- Snertistýrð aflstilling
- Sjálfstýring lætur ganga áfram
- Öryggisútsláttur
- Síuvísir

Allt eftir því hvaða tæki er keypt er gufugleypirinn ýmist notaður með loftúttaki eða hringrásarlofti.



Notkun með loftúttaki

Loftið sem er sogað frá helluborðinu er hreinsað í fitusíu og tekið út í gegnum lagnakerfi.

Ekki má veita útblástursloftinu í:

- reyrör eða rör fyrir útblástursgas sem er í notkun
- stokk sem er notaður til að loftræsta svæði þar sem eldstæði hefur verið sett upp

Ef veita á útblásturslofti í reyrör eða rör fyrir útblástursgas sem er ekki í notkun verður að fá viðurkenndan aðila til að taka það út og samþykkja.



Loft í hringrás


Loftið sem gufugleypirinn sýgur frá er hreinsað í fitusíu og kolasíu og síðan leitt aftur inn í rýmið þar sem búnaðurinn stendur.

Nota verður kolasíu til að koma í veg fyrir lykt í hringrásarlofti. Af hreinlætis- og heilsufarsástæðum verður að skipta um kolasíuna með ráðlögðu millibili (sjá kaflann „Prif og umhirða“).

UPPL. Þegar um hringrásarloft er að ræða verður að sjá til þess að næg loftræsting sé fyrir hendi til þess að hleypa raka út.


Sérstök virk kol í kolasíunni binda lykt frá matreiðslunni einstaklega vel.

5.1 Uppbygging




Mynd 5.1 Helluborð

- [1] Loftinntakstúða
- [2] Fitusía úr ryðfríu stáli
- [3] Helluborð
- [4] Sogop
- [5] Stjórnborð



Mynd 5.2 Gufugleypir fyrir hringrásarloft (BHU)


- [1] Sveigjanleg lögn
- [2] Kolasíuhús
- [3] Lok á kolasíuhúsi
- [4] Kolasía
- [5] Loftlagnahús með botni



Mynd 5.3 Gufugleypir með loftúttaki (BHA)

- [1] Útblástursbogi með lagnatengi fyrir BORA Ecotube
- [2] Lárétt útblástursframlenging
- [3] Loftlagnahús með botni

5.2 Stjórnborðið og notkun þess



Mynd 5.4 Stjórnborð

Snertihnappar:

- [1] Stilla viftu á minni styrk
- [2] Stilla viftu á meiri styrk
- [3] Kveikja/slökkva á helluborði
- [4] Hækka hitastillingu, hækka gildi fyrir tímastillingu
- [5] Lækka hitastillingu, lækka gildi fyrir tímastillingu
- [6] Velja hellu

Vísar:

- [7] Vísir fyrir viftustillingu, síuvísir
- [8] Ljós sem sýnir hvort kveikt er á helluborðinu
- [9] Gaumljós fyrir hellu
- [10] Gaumljós fyrir stutta tímastillingu
- [11] Tímavísir
- [12] Helluvísir

Vísir	Sýnir	Merking
Vísir fyrir viftustillingu	0	Slökkt á viftu
	1...2	Vinnslustilling
	P	Aflstilling
	n	Gengur áfram
Helluvísir	1...9	Hitastilling
	P	Aflstilling
	u	Stilling til að halda heitu
	H	Hitavísir: Slökkt er á hellu en hún er ennþá heit (hitastig > 60 °C)
	L	Barnlæsing er á
	R	Kveikt á sjálfvirkri hraðhitun
Ljós sem sýnir hvort kveikt er á helluborðinu	kveikt	Kveikt á helluborði
	slökkt	Slökkt á helluborði
Gaumljós fyrir hellu	kveikt	Tímastilling (eggjaklukka) virk
	blikkar	Tímastilling valin (00); enginn tími stilltur; tímastilling með lægsta gildi (fleiri en ein tímastilling virk); tími útrunninn
	slökkt	Slökkt á tímastillingu
Tímavísir	01...99	Mínútur fyrir stutta tímastillingu (eggjaklukku) eða til að slökkva sjálfkrafa
	00	Kveikt á tímastillingu; enginn tími stilltur

Tafla 5.1 Merking vísa

Snertistjórnun

Í stjórnborðinu eru rafrænir snertihnappar og vísar. Snertihnapparnir bregðast við snertingu fingurs. Tækinu er stjórnað með því að snerta viðkomandi snertihnapp með fingri. Halda verður fingri á snertihnappinum þar til hljóðmerki heyrst eða vísirinn breytist með samsvarandi hætti.

5.3 Hvernig hellurnar virka

Undir hellunum er geislahitari með hitastreng. Þegar kveikt er á hellu gefur hitastrengurinn frá sér geislahita sem leiðir beint út í pottinn og hitar hann upp.

5.3.1 Hitastillingar

Verk	Hitastilling
Halda elduðum mat heitum	U
Bræða smjör og súkkulaði, leysa upp matarlím	I
Halda hita á sósum og súpum, bleyta hrísgrjón	1-3
Sjóða kartöflur, pasta, súpur, ragú, gufusjóða ávexti, grænmeti og fisk, affrysta matvæli	2-6
Steikja í húðuðum pönnum, steikja snitsel og fisk við miðlungshita (án þess að ofhita fituna)	6-7
Hita upp feiti, léttsteikja kjöt, sjóða sósur og súpur, gera eggjakökur	7-8
Sjóða mikið magn af vökva, brúna steikur	9
Sjóða vatn	P

Tafla 5.2 Ráðlagðar hitastillingar

Upplýsingarnar í töflunni eru til viðmiðunar. Velja skal hærri eða lægri hitastillingu eftir eldunaráhaldi og magni hverju sinni.

5.3.2 Aflstilling

Fremri hellan vinstra megin (hraðsuðuhellan) er með afkastaaukandi aflstillingu.

Með aflstillingunni er hægt að hita mikið af vatni á stuttum tíma. Þegar aflstillingin er valin vinnur hellan með sérstaklega miklu afli. Eftir 30 mínútur fer hellan sjálfkrafa á hitastillingu 9.

Þegar hella er notuð með aflstillingunni P er mest hægt að velja hitastillingu 5 fyrir hina helluna á þeirri hlið.

UPPL. Ekki má hita olíu, feiti og álíka með aflstillingunni. Botninn á pottinum getur ofhitnað vegna mikils afslins.

5.3.3 Sjálfvirk hraðhitun

Eldunarsvæðin eru búin sjálfvirku hitakerfi sem hægt er að skipta yfir á.

■ Í birtingunni er birt F.

Með þessari aðgerð starfar eldunarsvæðið á fullum krafti í ákveðinn tíma eftir að kveikt hefur verið á því. Eftir þennan tíma fer það sjálfkrafa aftur til baka í aflstigið sem það var stillt á.

Sjálfvirk hraðhitun								
Hitastilling	1	2	3	4	5	6	7	8
Hraðhitunartími (mínútur:sekúndur)	1:00	3:00	4:48	6:30	8:30	2:30	3:30	4:30

Tafla 5.3 Yfirlit yfir Sjálfvirk hraðhitun

5.3.4 Tímastilling

Tvenns konar tímastillingar eru í boði:

- Stutt tímastilling (eggjaklukkan), ekki er slökkt sjálfkrafa á hellu.
- Slökkt sjálfkrafa á hellu.

5.3.5 Hentug eldunaráhöld

UPPL. Hraðhitunartími, tíminn sem það tekur að hita botn eldunaráhaldsins í gegn sem og niðurstöður eldunar fara að miklu leyti eftir uppbyggingu og eiginleikum eldunaráhaldsins.



Eldunaráhöld með þessu merki henta fyrir geislahita. Eldunaráhald sem notað er á geislahitandi yfirborðsfleti verður að vera úr málm og leiða varma vel.

Hentug eldunaráhöld eru gerð úr:

- ryðfríu stáli, kopar eða áli
- emaleroðu stáli
- steypujárni

- ▶ Gætið að botni eldunaráhaldsins. Engar bungur mega vera á botni eldunaráhaldsins. Ef botninn er ekki sléttur getur verið að hitastigsvöktun helluborðsins virki ekki rétt og ofhitnun eigi sér stað. Á botni eldunaráhaldsins mega ekki vera hvassar raufar eða brúnir, þar sem slíkt getur rispað yfirborð helluborðsins.
- ▶ Setjið eldunaráhaldið (án undirleggs eða álíka) beint á keramikhelluna.

5.4 Hvernig gufugleypirinn virkar

5.4.1 Aflstilling

Gufugleypirinn er með afkastaaukandi aflstillingu.

Með aflstillingunni er hægt að soga aukna gufu frá matseldinni frá á styttri tíma. Eftir 10 mínútur er aflstillingin sjálfkrafa stillt á styrk 2.

5.4.2 Sjálfstýring lætur ganga áfram

Gufugleypirinn gengur áfram með litlum styrk og slekkur svo sjálfkrafa á sér að 20 mínútum liðnum.

5.4.3 Síuvísir

Síuvísirinn birtist þegar gufugleypirinn hefur verið notaður í 150 vinnustundir. Endingartími kolasíanna er liðinn (aðeins með hringrásarlofti) og grunnhreinsa þarf fitusíuna.

- Síuvísirinn sýnir F.
- Síuvísirinn birtist í hvert sinn sem kveikt er á gufugleypinum og er virkur þar til skipt hefur verið um síu og síuvísirinn hefur verið núllstilltur (sjá kaflann „Notkun“).
- Áfram er hægt að nota gufugleypinn án takmarkana.

5.5 Öryggisbúnaður

5.5.1 Hitavísir

UPPL. Á meðan helluvísirinn sýnir *H* (hitavísir) má ekki koma við helluna og ekki má leggja hluti á hana sem eru viðkvæmir fyrir hita. Hætta er á að fólk brenni sig og eldur komi upp!

Eftir að slökkt er á hellunni er hún áfram heit. Helluvísirinn sýnir þá *H* (hitavísir). Þegar hellan hefur kólnað nægilega mikið (hitastigið er komið niður fyrir 60 °C) slokknar einnig á þessum helluvísi.

5.5.2 Öryggisútsláttur

Hella

Slökkt er sjálfkrafa á hverri hellu fyrir sig þegar hellan hefur verið í gangi með tiltekinni hitastillingu lengur en leyfilegt er (sjá Tafla 5.3). Helluvísirinn sýnir þá *H* (hitavísir) (sjá kaflann „Lýsing á tækinu“).

Hitastilling	1	2	3	4	5	6	7	8	9
Slökkt eftir klst.	6	6	5	5	4	1,5	1,5	1,5	1,5

Tafla 5.4 Yfirlit yfir öryggisútslátt

- ▶ Kveikið aftur á hellunni (sjá kaflann „Notkun“) þegar taka á hana aftur í notkun.

Gufugleypir

Slökkt er sjálfkrafa á gufugleypinum ef ekki er komið við hnapp innan 120 mínútna.

5.5.3 Vörn gegn ofhitnun

UPPL. Ef hella ofhitnar er hitastilling hennar minnkuð eða þá að slökkt er alveg á hellunni.

Tækið er með vörn gegn ofhitnun. Vörnin gegn ofhitnun getur farið í gang ef:

- Eldunaráhöld eru hituð upp tóm.
- Olía eða feiti er hituð við háan hita.
- Ef rafmagn fer af er kveikt aftur á heitri hellu þegar rafmagnið kemst aftur á.

Ofhitnunarvörnin grípur til einna af eftirfarandi ráðstöfunum:

- Hætt er í virku aflstillingunni og farið í fyrri stillingu.
- Ekki er lengur hægt að kveikja á aflstillingunni P.
- Stillt er á lægri hitastillingu.
- Slökkt er alveg á helluborðinu.

Eftir að hellan hefur kólnað í fullnægjandi tíma er hægt að nota hana aftur að fullu.

5.5.4 Slökkt sjálfkrafa þegar hnappi er haldið lengi inni

Slökkt er sjálfkrafa á helluborðinu þegar komið er við einn eða fleiri snertihnappa í meira en 10 sekúndur (snerting með fingri, hlut eða óhreinindum).

- Vísirinn sýnir *E-03*.
- Eftir nokkrar sekúndur slekkur helluborðið á sér.
 - ▶ Takið fingurinn eða hlutinn af helluborðinu.
 - ▶ Þrífið helluborðið ef þess þarf.
 - ▶ Kveikið aftur á helluborðinu ef þess þarf.

5.5.5 Barnalæsing

Barnalæsingin kemur í veg fyrir að kveikt sé á helluborðinu í ógáti. Aðeins er hægt að setja barnalæsinguna á þegar kveikt er á helluborðinu og slökkt hefur verið á öllum hellum (sjá kaflann „Notkun“).

6 Uppsetning

- ▶ Fylgja skal öllum öryggisupplýsingum og viðvörðunum (sjá kaflann „Öryggi“).
- ▶ Fylgja skal meðfylgjandi leiðbeiningum framleiðanda.

UPPL.	Viðskiptavinur verður að útvega rafmagnsleiðslu fyrir tengingu við veitukerfi.
UPPL.	Ekki má setja tækið upp fyrir ofan kælitæki, uppþvottavélar, eldavélar, bakstursofna sem og þvottavélar og þurrkara.
UPPL.	Snertifletir á borðflötum og þéttingar á veggnum verða að vera gerðar úr hitaþolnu efni (allt að u.þ.b. 100 °C).
UPPL.	Það sem skorið er úr borðplötum verður að vera rakavarið með viðeigandi aðferðum og þar sem nauðsynlegt er að vera útbúið með varmaeinangrun.
UPPL.	Ekki má nota innbyggða gufugleypinn með öðrum helluborðum.

6.1 Innihald athugað

Heiti	Fjöldi
Hraðsuða-keramikhelluborð með gufugleypi	1
Loftinntakstúða	1
Fitusía úr ryðfríu stáli	1
BAKF-kolasía (aðeins BHU)	2
Sveigjanleg lögn (aðeins BHU)	1
EURO-skrúfur (aðeins BHU)	6
Lárétt framlenging fyrir útblásturslögn BLAVH1 (aðeins BHA)	1
Uppsetningarkrækjur	5
Þéttalisti	1
Keramiskskafa	1
Kapalklemmur	3
Notkunar- og uppsetningarleiðbeiningar	1
Skrúfur með ávöllum haus	5
Borskapalón	1
Sett með plötum til að stilla af hæðarmun	1

Tafla 6.1 Innihald

- ▶ Gangið úr skugga um að allt fylgi með og sé óskemmt.
- ▶ Gera skal notendabjónustu BORA viðvart án tafar ef eitthvað vantar eða er skemmt.
- ▶ Alls ekki má setja upp hluti sem eru skemmdir.

- ▶ Fargið umbúðum vegna flutninga á réttan hátt (sjá kaflann „Helluborðið tekið úr notkun, fjarlæggt og því fargað“).

6.2 Verkfæri og hjálpartæki


Nota þarf eftirtalin verkfæri til að setja helluborðið upp á réttan hátt:

- blýant
- borvél eða rafhlöðuborvél með 5 mm trébor (fyrir bakhlið)
- stingsög eða handsög
- skapalón fyrir op í bakhlið (fylgir með)
- stjörnuskrúfujárn Z2
- silíkonkitti til að þétta skurðarfleti

6.3 Leiðbeiningar um uppsetningu

6.3.1 Öryggisfjarlægðir

- ▶ Haldið eftirfarandi öryggisfjarlægð:



Mynd 6.1 Ráðlögð lágmarksfjarlægð

- [1] 50 mm lágmarksfjarlægð að aftan milli opsins í borðplötunni og afturbrún borðplötunnar.
- [2] 300 mm lágmarksfjarlægð vinstra og hægra megin við opið í borðplötunni frá aðliggjandi skáp eða vegg.
- [3] 600 mm lágmarksfjarlægð milli borðplötu og skáps fyrir ofan. Mælt er með 1000 mm lágmarksfjarlægð til að vinnuaðstaðan verði sem best.


6.3.2 Borðplata og eldhúsinnrétting

- ▶ Smíðið borðplötuhlutann með hliðsjón af tilgreindum skurðarmálum.
- ▶ Þetta skal skurðarflæti í borðplötu með viðeigandi hætti.
- ▶ Fylgið leiðbeiningum frá framleiðanda borðplötunnar.
- Fjarlægja getur þurft þverbíta úr eldhúsinnréttingunni hvað smíði borðplötuhlutans varðar.
- Milligólf undir helluborðinu er ekki nauðsynlegt. Ef gert er ráð fyrir snúruhlífðargólfi (milligólfi), verður að taka tillit til eftirfarandi:
 - Það verður að festa það þannig að hægt sé að fjarlægja það fyrir viðhald.
 - Til að tryggja fullnægjandi loftræstingu á helluborðinu er nauðsynlegt að halda 15 mm fjarlægð frá neðri kanti helluborðsins.
- Skúffur og/eða hillur í neðri skápnum verður að vera hægt að fjarlægja.
- Fyrir rétta uppsetningu þarf hugsanlega eftir aðstæðum að stytta skúffur undirskápsins.
- Í Lofthringrásartækjum verður að vera fyrir hendi í eldhúsinnréttingunni bakflæðisop sem er $> 500 \text{ cm}^2$ (t.d. með styttingu sökkullista eða notkun viðeigandi rimlasökkuls).

6.4 Skurðarmál fyrir helluborðið

UPPL. Öll mál er frá fremri kanti á framhlífinni.


Skögun á borðplötu




Mynd 6.2 Skögun á borðplötu

- ▶ Gæta skal að skögun borðplötunnar x þegar opið er gert í borðplötuna. Á við um innfellda og ofanálíggjandi uppsetningu.

Innfelld uppsetning




Mynd 6.3 Skurðarmál fyrir innfellda uppsetningu




Mynd 6.4 Mál á falsi fyrir innfellda uppsetningu

Ofanálíggjandi uppsetning




Mynd 6.5 Skurðarmál fyrir ofanálíggjandi uppsetningu




Mynd 6.6 Mál burðarflatar fyrir ofanálíggjandi uppsetningu

6.5 Péttillisti settur á



Mynd 6.7 Péttillisti fyrir ofanálggjandi uppsetningu



Mynd 6.8 Péttillisti fyrir innfellda uppsetningu

- [1] Svart hitapolið silíkonkít
[2] Péttillisti

- Þegar um ofanálggjandi uppsetningu er að ræða skal líma meðfylgjandi péttillista [2] þétt neðan á helluborðið áður en því er komið fyrir.
- Þegar um innfellda uppsetningu er að ræða skal líma péttillistann [2] á lárétta skurðarbrúnina í borðplötuopinu jafnvel þótt fyllt sé í fúgur með silíkonkít [1] eða álíka.


6.6 Útfærsla fyrir hringrásarloft (BHU) sett upp

UPPL. Það verður að vera a.m.k. 25 mm lágmarksbil fyrir lóðrétta opið fyrir afturflæði.


UPPL. Op fyrir afturflæði sem er að minnsta kosti 500 cm² að stærð verður að vera fyrir hendi.

Ef gufugleypirinn er eingöngu notaður með hringrásarlofti er hægt að nota hann í sama rými og opið eldstæði án þess að gera þurfi frekari öryggisráðstafanir.

Ísetningarmál



Mynd 6.9 Mál innréttingar fyrir hringrásarloft




Mynd 6.10 Ísetningarmál fyrir hringrásarloft, dýpt borðplötu 600 mm

- Neðri skápurinn verður að vera með heila bakhlíð svo hringrásarloftinu sem streymir aftur sé ekki beint inn í fremra rýmið.
- Gera verður ráð fyrir opi á bakhlíðinni.
- Halda verður 25 mm lágmarksfjarlægð milli bakhlíðarinnar og aðliggjandi innréttingar eða veggs fyrir afturflæðisopið.

Bakhlíð innréttingarinnar undirbúin


- ▶ Aðlagið bakhlíðina til samræmis við nauðsynleg mál fyrir uppsetninguna.
- ▶ Ef þörf krefur skal færa bakhlíðina.
- ▶ Ef þörf krefur skal framlengja hæð bakhlíðarinnar þannig að meginhluti innréttingarinnar sé lokaður fram á við.



Mynd 6.11 Op og tengigöt

- ▶ Notið meðfylgjandi borskapalón til að merkja fyrir afturflæðisopinum og tengigötunum miðsvegar gagnvart helluborðinu, til samræmis við uppsetningarmál.
- ▶ Sagið út opið fyrir afturflæði.
- ▶ Borið fyrir tengigötum.
- ▶ Styttið hæð sökkullistanna eða gerið viðeigandi op í sökkklana.


Sveigjanlega lögnin skrúfuð á



Mynd 6.12 Sveigjanleg lögn með 6 EURO-skrúfum 6,3 x 10 mm

- ▶ Notið skrúfjárn (ekki hleðsluskrúfvél) til að skrúfa sveigjanlegu lögnina þéttingsfast á bakhlíð innréttingarinnar.

Helluborðinu komið fyrir




Mynd 6.13 Helluborðinu komið fyrir

- [1] Helluborð
- [2] Sogop
- [3] Loftinntakstúða
- [4] Fitusía úr ryðfríu stáli
- [5] Op í borðplötu

- ▶ Áður en helluborðið er sett á sinn stað þarf að fjarlægja loftinntakstúðuna [3] og fitusíuna [4].
- ▶ Notið sogopið [2] sem handfang þegar verið er að koma helluborðinu fyrir.


- ▶ Lyftið helluborðinu [1] skáhallt inn í opið í borðplötunni [5].
- ▶ Komið helluborðinu [1] fyrir í miðju opinu í borðplötunni [5].
- ▶ Stillið helluborðið nákvæmlega af.



Mynd 6.14 Lokið á húsinu opnað

- [1] Ytri læsingar
- [2] Læsing fyrir miðju
- [3] Lok á kolasiuhúsi

- ▶ Opnið lokið á kolasiuhúsinu [3] neðan frá með því að opna báðar ytri læsingarnar [1] og miðlæsinguna [2].




Mynd 6.15 Grind fyrir sveigjanlega lögn hengd í

- [1] Krækjur
- [2] Gróp á kolasiuhúsi
- [3] Grind fyrir sveigjanlega lögn
- [4] Neðri læsing

- ▶ Hengið grindina fyrir sveigjanlegu lögnina í grópina á kolasiuhúsinu [2].
- ▶ Gangið úr skugga um að báðar krækjurnar á hliðunum [1] séu á sporinu.
- ▶ Renndu grindinni [3] upp þar til neðri [4] og efri læsingin skorðast í miðjunni.


- ▶ Gangið úr skugga um að grindin hafi verið sett í grópina á kolasiuhúsinu allan hringinn.



Mynd 6.16 Kolasiur settar í

- [1] Lok á kolasiuhúsi
- [2] Kolasiá

- ▶ Takið kolasiurnar úr umbúðunum.
- ▶ Setjið báðar kolasiurnar [2] í neðan frá.
- ▶ Gætið þess í hvaða átt loftið streymir í gegnum síurnar. Það er gefið til kynna með ör.
- ▶ Setjið lokið á húsið [1].



Mynd 6.17 Helluborðið fest fyrir miðju


- [1] Helluborð
- [2] Sogop
- [3] Loftinntakstúða
- [4] Fitusía úr ryðfríu stáli
- [5] Op í borðplötu
- [6] Festiklemma

Pegar um ofanliggjandi uppsetningu er að ræða

- ▶ Gætið þess að þéttlisti helluborðsins hvíli á borðplötunni.

Pegar um innfellda uppsetningu er að ræða

- ▶ Gætið þess að þéttlistinn loki helluborðinu vel af allan hringinn.



Mynd 6.18 Plötur til að stilla af hæðarmun

- [1] Helluborð
[2] Plata til að stilla af hæðarmun

- ▶ Ef þörf krefur skal setja plötur til að stilla af hæðarmun [2] undir.
- ▶ Festið helluborðið við borðplötuna með festiklemmunum [6].
- ▶ Því næst skal setja fitusíuna [4] og loftinntakstúðuna [3] í.
- ▶ Þéttið bilið utan um með svörtu hitapolnu silíkonkíttri.


6.7 Útfærsla með loftúttaki (BHA) sett upp

UPPL. Fara verður eftir innlendum og svæðisbundnum lögum og reglugerðum þegar verið er að setja upp lögnina fyrir útblástursloft. Sjá verður til þess að innstreymi lofts sé nægilegt.


6.7.1 Gufugleypir notaður ásamt eldstæði sem tekur inn loft úr rýminu.

Eldstæði sem taka inn loft úr rýminu (t.d. gas-, olíu-, viðar- eða kolakýntar miðstöðvar, vatnshitarar með stöðugu streymi, heitavatnskatlar) taka loft úr rýminu sem þau standa í og veita útblæstri út í gegnum útblásturskerfi (t.d. reyk háf).

Pegar gufugleypirinn er notaður með loftúttaki dregur hann loft úr rýminu sem hann er settur upp í og nálægum rýmum. Ef aðstreymi lofts er of lítið myndast undirþrýstingur. Eitraðar lofttegundir sogast úr skorsteininum eða útblásturslögninni og aftur inn í herbergið.




Mynd 6.19 Röng uppsetning á loftúttaki



Mynd 6.20 Rétt uppsetning á loftúttaki


- ▶ Þegar gufugleypirinn er notaður í sama rými og eldstæði skal gæta þess að:
 - undirþrýstingur sé að hámarki 4 Pa (4 x 10⁻⁵ bör)
 - notaður sé öryggisbúnaður (t.d. gluggarofi, undirþrýstingsmælir) sem tryggir að nægilegt aðstreymi fersks lofts sé ávallt fyrir hendi
 - útblásturinn sé ekki leiddur út í gegnum skorstein sem einnig er notaður fyrir útblástur tækja sem ganga fyrir gasi eða öðru eldsneyti
 - að uppsetningin hafi verið skoðuð og tekin út af viðurkenndum aðila (t.d. sótarar).

Ísetningarmál




Mynd 6.21 Mál innréttingar með loftúttaki

- [a] Dýpt borðplötu frá 600 mm
[b] Dýpt borðplötu frá 700 mm



Mynd 6.22 Ísetningarmál með loftúttaki, dýpt borðplötu 600 mm



Mynd 6.23 Ísetningarmál með loftúttaki, dýpt borðplötu 700 mm

Uppsetningarskilyrði

- Aðlaga verður bakhlið neðri skápsins að lögninni fyrir útblástursloft.
- 110 mm lágmarksfjarlægð fyrir útblásturslögn skal vera milli bakhliðar innréttingarinnar og aðliggjandi húsgagns eða veggjar.
- Veita verður útblæstrinum út í gegnum viðeigandi útblásturslagnir.
- Lágmarksþversnið útblásturslagnanna verður að vera 176 cm², sem samsvarar sívölu röri með 150 mm þvermál.
- Hámarks lengd útblásturslagnar er 6 m.

- Upplýsingar um undirbúning fyrir uppsetningu útblásturslagna er að finna í leiðarvísi BORA um loftræstingu.


Bakhlið innréttingarinnar undirbúin

- ▶ Áður en uppsetning fer fram skal kanna nauðsynleg ísetningarmál fyrir tækið og fyrirhugað lagnakerfi í neðri skápnum.
- ▶ Breyta skal staðsetningu bakhliðarinnar til samræmis við nauðsynleg ísetningarmál ef þörf krefur.

Framlenging á útblásturslögn

UPPL. Hægt er að framlengja útblásturslögnina um 100 mm aftur með láréttu framlengingunni BLAVH1 sem fylgir með.


- ▶ Fjarlægð loftinntakstúðuna og fitusíuna.
- ▶ Leggið helluborðið með keramikhliðina niður á hreint og mjúkt undirlag (t.d. pappakassa eða umbúðir) svo ekki sé hætt á að keramikflöturinn verði fyrir skemmdum.



Mynd 6.24 Botninn tekinn af húsinu

- [1] Botninn á húsinu
- [2] Læsingar
- [3] Loftlagnahús


- ▶ Opnið læsingarnar fjórar [2].
- ▶ Takið botninn [1] af loftlagnahúsinu [3].



Mynd 6.25 Stöðufesting tekin úr lás

[1] Krækjur fyrir stöðufestingu


- Ýtið krækjunum [1] vinstra og hægra megin niður með skrúfjárnri til þess að taka stöðufestinguna úr lás.



Mynd 6.26 Loftlagnahúsið fært til

[1] Útblástursbogi
[2] Loftlagnahús
[3] Festiop


- Færið loftlagnahúsið [2] ásamt útblástursboganum [1] til hliðar að vinstri brún festiopsins [3].



Mynd 6.27 Loftlagnahúsið tekið af

[1] Útblástursbogi
[2] Loftlagnahús


- Takið loftlagnahúsið [2] ásamt útblástursboganum [1] upp og úr.



Mynd 6.28 Útblástursboginn tekinn af

[1] Útblástursbogi
[2] Loftlagnahús


- Dragið útblástursbogann [1] upp af loftlagnahúsinu [2].



Mynd 6.29 Framlenging á útblásturslögn sett í

[1] Útblástursbogi
[2] Framlenging á útblásturslögn
[3] Loftlagnahús


- ▶ Setjið framlenginguna fyrir útblásturslögnina [2] í grópina á loftlagnaðinu [3].
- ▶ Setjið útblástursbogann [1] í grópina á framlengingunni fyrir útblásturslögnina [2].



Mynd 6.30 Loftlagnaeining sett á botni helluborðsins

- [1] Loftlagnaeining
- [2] Op


- ▶ Koma skal loftlagnaeiningunni [1] þannig fyrir á botni helluborðsins að allir festikrökarnir gangi inn í opin [2].



Mynd 6.31 Loftlagnaeining skorðuð

- [1] Loftlagnaeining
- [2] Op


- ▶ Því næst skal færa loftlagnaeininguna [1] til hægri þar til hún skorðast að fullu í raufinni í opinu [2].



Mynd 6.32 Stöðufesting

- [1] Krækjur fyrir flutnings- og stöðufestingu

- ▶ Ýtið báðum krækjunum [1] fyrir stöðufestinguna upp.
- ▶ Lyftið helluborðinu með gufugleypinum upp.
- ▶ Snúið keramikhlíðinni upp.



Mynd 6.33 Helluborðinu komið fyrir

- [1] Helluborð
- [2] Sogop
- [3] Loftinntakstúða
- [4] Fitusía úr ryðfríu stáli
- [5] Op í borðplötu


- ▶ Notið sogopið [2] sem handfang þegar verið er að koma helluborðinu fyrir.
- ▶ Lyftið helluborðinu [1] skáhallt inn í opið í borðplötunni [5].
- ▶ Komið helluborðinu [1] fyrir í miðju opinu í borðplötunni [5].
- ▶ Stillið helluborðið nákvæmlega af.

Þegar um ofanálíggjandi uppsetningu er að ræða

- ▶ Gætið þess að þéttistilinn hvíli á borðplötunni.

Þegar um innfellda uppsetningu er að ræða


- ▶ Gætið þess að þéttistilinn loki helluborðinu vel af allan hringinn.



Mynd 6.34 Plötur til að stilla af hæðarmun

- [1] Helluborð
- [2] Plata til að stilla af hæðarmun

- ▶ Ef þörf krefur skal setja plötur til að stilla af hæðarmun [2] undir.



Mynd 6.35 Útblásturslögn tengd

- [1] Helluborð
- [2] Sogop
- [3] Loftinntakstúða
- [4] Fitusía úr ryðfríu stáli
- [5] Op í borðplötu
- [6] Festiklemma
- [7] Útblástursbogi
- [8] Útblásturslögn

- ▶ Tengdu útblásturslögnina [8] í byggingunni við útblástursbogann [7].
- ▶ Límdu lagnatenginguna þannig að hún sé loftþétt með þéttlímbandinu UDB1.
- ▶ Festið helluborðið við borðplötuna með festiklemmunum [6].
- ▶ Því næst skal setja fitusíuna [4] og loftinntakstúðuna [3] í.
- ▶ Þéttið bilið utan um með svörtu hitaþolnu silfkonkítu.

6.8 Tenging við rafmagn

- ▶ Fylgja skal öllum öryggisupplýsingum og viðvörðunum (sjá kaflann „Öryggi“).
- ▶ Fara verður eftir öllum innlendum og svæðisbundnum lögum og reglugerðum sem og frekari reglum rafveitufyrirtækja á staðnum.


UPPL. Viðurkenndur fagaðili verður að annast tengingu við rafmagn. Hann skal einnig bera ábyrgð á því að farið sé rétt að þegar búnaðurinn er tengdur og tekinn í notkun.

UPPL. Ekki má stinga í samband við innstungu (Schuko-tengil).


- ▶ Slá skal út með aðalrofa/sjálfvári áður en helluborðið er tengt.
- ▶ Sjá skal til þess að ekki sé hægt að slá aftur inn með aðalrofa/sjálfvári í heimildarleysi.
- ▶ Ganga skal úr skugga um að enginn straumur sé á tækinu.
- ▶ Aðeins skal tengja helluborðið með fastri tengingu við rafmagnsleiðslu af gerð H 05 VV-F með viðeigandi lágmarkspversniði (sjá töfluna „Öryggi og lágmarkspversnið“).

Tenging	Öryggi	Lágmarkspversnið
Þriggja fasa tenging	3 x 16 A	2,5 mm ²
Tveggja fasa tenging	2 x 16 A	2,5 mm ²
Einfasa tenging	1 x 32 A	4 mm ²


Tafla 6.2 Öryggi og lágmarkspversnið




Mynd 6.36 Tengimynd fyrir þriggja fasa tengingu



Mynd 6.37 Tengimynd fyrir tveggja fasa tengingu



Mynd 6.38 Tengimynd fyrir einfasa tengingu



Mynd 6.39 Rafmagnstengingar helluborðsins

- [1] Göt
- [2] Rafmagnstengi
- [3] Kapalklemma

- ▶ Tengid rafmagnsleiðsluna samkvæmt viðkomandi tengimynd (sjá Mynd „Tengimynd“) við rafmagnstengi [2] helluborðsins með gufugleypinum.
- ▶ Fyrir einfasa eða tveggja fasa tengingu skal tengja viðkomandi snertur með tengispönginni BKAS (fylgir með).
- ▶ Festa skal kapalklemmurnar [3] í þar til ætluð göt [1] annaðhvort vinstra eða hægra megin til að leiða rafmagnsleiðsluna aftur.
- ▶ Gæta verður þess að leiðslan klemmist ekki eða skemmist og að hún komi ekki við heitar hellur.
- ▶ Gangið úr skugga um að uppsetningin hafi farið rétt fram.
- ▶ Sláið inn með aðalrofa/sjálfvári.
- ▶ Kveikið á tækinu (sjá kaflann „Notkun“).
- ▶ Prófið hvort allir eiginleikar virka rétt.

6.9 Tækið afhent notanda

Pegar uppsetningu er lokið:

- ▶ Útskýrið helstu eiginleika fyrir notandanum.
- ▶ Fræðið notandann um öll öryggisatriði sem tengjast notkun og meðhöndlun.
- ▶ Afhendið notandanum fylgihluti og notkunar- og uppsetningarleiðbeiningar til varðveislu.

7 Notkun



- ▶ Fylgið öllum öryggisupplýsingum og viðvörðunum við notkun (sjá kaflann „Öryggi“).

UPPL. Ekki má nota innbyggða gufugleypinn með öðrum helluborðum.


UPPL. Ekki má nota helluborðið fyrir en búið er að setja upp fitusíuna og loftinntakstúðuna.

7.1 Kveikt/slökkt á helluborði og hellu



Kveikt

- ▶ Ýtið á  til að kveikja á helluborðinu. Helluvísirinn sýna hitastillinguna .

Slökkt



- ▶ Ýtið á  til að slökkva á helluborðinu.
- ▶ Gætið að hitavísinum.

7.1.1 Kveikt á hellu

- ▶ Ýtið á helluhnappinn (t.d. ) fyrir helluna sem á að nota. Talan  á helluvísinum lýsist upp.

7.1.2 Hitastilling valin




UPPL. Valin hitastilling lýsist upp á helluvísinum og myrkvast sjálfkrafa aftur eftir fáeinar sekúndur.

- ▶ Ýtið á  til að velja hitastillingu .

eða






- ▶ Ýtið á  til að velja hitastillingu .

7.1.3 Hitastillingu breytt



- ▶ Ýtið á helluhnappinn (t.d. ) fyrir helluna sem á að nota. Helluvísirinn lýsist upp.
- ▶ Ýtið á  eða  þar til hitastillingin sem óskað er eftir sést á helluvísinum.

7.1.4 Kveikt á aflstillingu






UPPL. Fremri hellan vinstra megin er með afkastaaukandi aflstillingu.

- ▶ Ýtið á helluhnappinn .
- ▶ Ýtið endurtekið á  þangað til hitastilling  sést á helluvísinum.
- ▶ Ýtið aftur á . Hitastilling P er sýnd á helluvísinum. Eftir 30 mínútur fer hellan sjálfkrafa á hitastillingu .

7.1.5 Slökkt fyrir á aflstillingu

- ▶ Ýtið á helluhnappinn . Vísirinn lýsist upp.
- ▶ Ýtið endurtekið á  þar til lægri hitastillingin sem óskað er eftir er sýnd.

7.1.6 Slökkt á hellu

- ▶ Ýtið á helluhnappinn (t.d. ) fyrir helluna sem á að nota.
- ▶ Ýtið endurtekið á  eða  þar til helluvísirinn sýnir hitastillinguna . Þá birtist  á vísinum í nokkrar sekúndur.

7.1.7 Gætið að hitavísinum

Eftir að slökkt er á hellunni er hún áfram heit. Helluvísirinn sýnir þá *H* (hitavísir). Þegar hellan hefur kólnað nægilega mikið (hitastigið er komið niður fyrir 60 °C) slokknar einnig á þessum helluvísi.

UPPL. Á meðan helluvísirinn sýnir *H* (hitavísir) má ekki koma við helluna og ekki má leggja hluti á hana sem eru viðkvæmir fyrir hita. Hætta er á að fólk brenni sig og eldur komi upp!






- ▶ Gætið að hitavísinum.
- ▶ Gætið þess að enginn snerti heitar hellur og að ekkert sé sett ofan á þær.

7.1.8 Sjálfvirk hraðhitun notuð

UPPL. Þegar kveikt er á sjálfvirkri hraðhitun hitar hellan sjálfkrafa á hæstu hitastillingu (hraðhitunarstillingu) og skiptir síðan aftur yfir á valda hitastillingu (fyrir áframhaldandi eldun). Hraðhitunartíminn fer eftir því hvaða hitastilling er valin.



UPPL. Þegar valdar eru háar hitastillingar fyrir áframhaldandi eldun þarf tiltölulega stuttan hraðhitunartíma, þar sem tóm eldunaráhöld eru yfirleitt hituð upp fyrir steikingu í þessum stillingum.

Kveikt á sjálfvirkri hraðhitun



- ▶ Ýtið á helluhnappinn (t.d. ) fyrir helluna sem á að nota. Helluvísirinn lýsist upp.
- ▶ Ýtið endurtekið á  þangað til hæsta hitastillingin  eða aflstillingin sést á helluvísinum.
- ▶ Ýtið aftur á . Stafurinn *H* birtist á vísinum.
- ▶ Ýtið á  innan 5 sekúndna þar til hitastillingin sem á að nota við áframhaldandi eldun birtist á helluvísinum. Vísirinn sýnir til skiptis *H* og valda hitastillingu á meðan kveikt er á sjálfvirkri hraðhitun.

UPPL. Að hraðhitunartímanum liðnum er stillt á valda hitastillingu fyrir áframhaldandi eldun.

Slökkt fyrir á sjálfvirkri hraðhitun

- ▶ Ýtið á helluhnappinn (t.d. ) fyrir helluna sem á að nota. Vísirinn lýsist upp.
- ▶ Ýtið endurtekið á  þar til hitastillingin sem óskað er eftir er sýnd.

eða

- ▶ Ýtið endurtekið á  þangað til hitastilling  sést á helluvísinum. Valin hitastilling lýsist upp á helluvísinum og myrkvast sjálfkrafa aftur eftir fáeinar sekúndur. Ekki er lengur kveikt á sjálfvirkri hraðhitun.



7.1.9 Notkun tímastillingar


Skilyrði

- Það verður að vera kveikt á helluborðinu.

Tvenns konar tímastillingar eru í boði:

- Stutt tímastilling (eggjaklukka) (ekki er slökkt sjálfkrafa á hellu)
 - Slökkt sjálfkrafa (til að slökka sjálfkrafa á hellu)
- Hægt er að stilla báðar tímastillingar á bil frá 1 mínútu til 99 mínútna.






UPPL. Ef ýtt er fyrst á  er 1 mínúta stillt sem upphafstími. Ef ýtt er fyrst á  eru 30 mínútur stilltar sem upphafstími.

UPPL. Þegar stillti tíminn er liðinn á tímavísinum er  sýnt í nokkrar sekúndur. Um leið heyrst hljóðmerki í nokkrar sekúndur.

Slökkt á hljóðmerki tímastillis

- ▶ Ýtið á einhvern snertihnappana á stjórnborðinu til að stöðva hljóðmerkið fyrir.

Stutt tímastilling (eggjaklukka) stillt

- ▶ Ýtið samtímis á  og . Þá birtist  á tímavísinum í nokkrar sekúndur.
- ▶ Ýtið á  eða  til að stilla tímann.

Stillt á að slökka sjálfkrafa






Hægt er að stilla á að slökka sjálfkrafa á hverri hellu fyrir sig.

UPPL. Gaumljósið fyrir helluna sýnir hvort stillt hefur verið á að slökka sjálfkrafa. Gaumljósið fyrir helluna logar þar til slökkt er sjálfkrafa á hellunni að innstilltum tíma liðnum.

UPPL. Ef stillt er á að slökka sjálfkrafa á fleiri en einni hellu blikkar gaumljósið fyrir helluna með lægstu tímastillingunni, að því gefnu að engin hella hafi verið valin.






Skilyrði

- Hella hefur verið valin.
- Hitastilling var valin.





- ▶ Ýtið samtímis á  og . Þá birtist  á tímavísinum í nokkrar sekúndur.
- ▶ Ýtið á  eða  til að stilla tímann.

Eftir síðasta innslátt birtist tímastillingin í aðeins örfáar sekúndur á tímavísinum.





Tímastillingum breytt

- ▶ Ýtið á viðkomandi helluhnapp (t.d. ) til að breyta því hvenær slökka sjálfkrafa á hellunni.
- ▶ Ýtið samtímis á  og . Tímavísirinn sýnir tímann sem stillt er á og gaumljósið fyrir helluna blikkar.
- ▶ Ýtið á  eða  til að stilla tímann.

Ef fleiri en ein tímastilling er virk

- ▶ Ýtið endurtekið á  og  samtímis þar til gaumljósið fyrir viðkomandi hellu byrjar að blikka. Skipt er á milli gaumljósanna fyrir hellur með virkri tímastillingu réttælis, byrjað á stuttu tímastillingunni (eggjaklukkunni).
- ▶ Ýtið á  eða  til að breyta tímastillingunni.

Slökkt fyrir á tímastillingu

- ▶ Ýtið á hnappinn fyrir helluna sem gera á tímastillinguna óvirka fyrir.
- ▶ Ýtið samtímis á  og . Tímavísirinn sýnir tímann sem stillt er á og gaumljósið fyrir helluna blikkar.
- ▶ Ýtið á  þar til tímavísirinn sýnir .




7.1.10 Barnalæsing sett á / tekin af

UPPL. Ef helluvísir sýnir til skiptis *L* og *H* er hellan ennþá heit.

Barnalæsing sett á

Skilyrði:

- Kveikt er á helluborðinu.
- Slökkt er á öllum hellum.

- ▶ Innan 10 sekúndna frá því að kveikt er skal ýta samtímis á snertihnappana  og  og síðan aftur á snertihnapp . Þá birtist *L* á öllum helluvísinum. Barnalæsingin hefur verið sett á.

Barnalæsing tekin af vegna matseldar

UPPL. Ef helluvísir sýnir til skiptis \square og H er hellan ennþá heit.

- ▶ Ýtið samtímis á snertihnappana \square og \square . Allir helluvísarnir sýna hitastillinguna \square og gaumljósin fyrir hellurnar blikka.
- Þá er hægt að velja hitastillingu fyrir hverja hellu fyrir sig.
- Þegar slökkt er á helluborðinu er barnalæsingin sett aftur á.

Barnalæsing tekin af

UPPL. Ef helluvísir sýnir til skiptis \square og H er hellan ennþá heit.

Skilyrði:

- Kveikt er á helluborðinu.
- ▶ Ýtið samtímis á snertihnappana \square og \square og síðan aftur á \square . Allir helluvísarnir sýna hitastillinguna 0 . Barnalæsingin hefur verið tekin af.

7.2 Notkun gufugleypisins

Skilyrði:

- Kveikt er á helluborðinu með gufugleypinum.

Ráðleggingar til að gufugleypirinn virki sem best:


- ▶ Gætið þess að nota alltaf lok, sérstaklega á háa potta. Þannig virkar gufugleypirinn sem best. Þetta dregur einnig úr orkunotkun.
- ▶ Notið gufugleypinn alltaf í lægstu orkustillingu sem þarf til að tryggja að hann virki sem best. Þannig er hægt að auka afköst lyktarsíunnar þegar um hringrásarloft er að ræða.
- ▶ Notið helluna aðeins með þeirri hitastillingu sem er nauðsynleg fyrir matseldina hverju sinni. Það dregur úr gufumyndun og orkunotkun.
- ▶ Forðist mikinn dragsúg.

7.2.1 Kveikt á gufugleypi

- ▶ Ýtið á \square eða \square til að kveikja á gufugleypinum. Vísirinn fyrir viftustillingu sýnir \square . Ef ekki eru valdar frekari stillingar slekkur gufugleypirinn sjálfkrafa á sér eftir nokkrar sekúndur.


7.2.2 Viftustilling valin

- ▶ Ýtið á \square til að stilla viftuna á meiri styrk. Farið er í gegnum eftirfarandi viftustillingar:



Mynd 7.1 Röð viftustillinga \square

- ▶ Ýtið á \square til að stilla viftuna á minni styrk. Farið er í gegnum eftirfarandi viftustillingar:



Mynd 7.2 Röð viftustillinga \square

7.2.3 Viftan stillt á að ganga áfram

- ▶ Ýtið endurtekið á \square þar til viftustillingin n sem lætur viftuna ganga sjálfkrafa áfram er sýnd. Viftan gengur á stillingu 1 og slekkur sjálfkrafa á sér að 20 mínútum liðnum.

7.2.4 Slökkt á gufugleypi

- ▶ Ýtið samtímis á \square og \square þangað til vísirinn fyrir viftustillingu sýnir \square .

eða




- ▶ Ýtið endurtekið á \square eða \square þar til vísirinn fyrir viftustillingu sýnir \square .

Þegar vísirinn fyrir viftustillingu sýnir \square slokknar sjálfkrafa á gufugleypinum eftir nokkrar sekúndur.

7.3 Gætið að síuvísinum

Ef vísirinn fyrir viftustillingu sýnir F (F = síuvísir) þýðir það að kolasían er komin á tíma (aðeins fyrir hringrásarloft BHU) og grunnhreinsa þarf fitusíuna.

Ef ekki á að skipta um síu strax, t.d. ef aðeins er eldað öðru hvoru:





- ▶ Ýtið á  eða  til að fara í venjulegan vinnslumáta. Vísirinn fyrir viftustillingu sýnir .

Skipt um síu

- ▶ Slökkvið á helluborðinu með gufugleypinum.
- ▶ Farið eftir öllum leiðbeiningum í kaflanum „Prif“.
- ▶ Skiptið um kolasíuna.
- ▶ Prífið fitusíuna, loftinntakstúðuna, loftlagnahúsið og botn hússins.

Síuvísirinn núllstilltur

Pegar búið er að skipta um kolasíuna (aðeins með hringrásarlofti) og þrifa fitusíuna þarf að núllstillta síuvísinn.

- ▶ Kveikið á gufugleypinum. Vísirinn fyrir viftustillingu sýnir F .
- ▶ Haldið  og  báðum inni í einu í a.m.k. 3 sekúndur þangað til  blikkar í vísinum fyrir viftustillingu. Eftir nokkrar sekúndur sýnir vísirinn  án þess að blikka. Búið er að núllstillta síuvísinn.

7.4 Orkusparnaður

- ▶ Fylgið öllum ráðleggingum um orkusparnað til þess að nota helluborðið með gufugleypinum á orkusparandi og skilvirkan hátt.
- ▶ Við kaup á eldunaráhöldum þarf að gæta að þvermáli botnsins, þar sem yfirleitt er gefið upp efra þvermál potts. Þvermál botnsins er oft minna.
- ▶ Notið hraðsuðupotta. Vegna lokaðs eldunarrýmis og yfirþrýstings spara þeir bæði tíma og orku og við suðu. Stuttur eldunartími gerir að verkum að minna af vítamínum fer til spillis.
- ▶ Gangið úr skugga um að það sé nægur vökvi í hraðsuðupottinum. Ef potturinn tæmist við suðu getur hann ofhitnað og skemmst. Hellan og potturinn geta orðið fyrir skemmdum vegna ofhitnunar.
- ▶ Lokið eldunaráhöldum alltaf með hentugu loki, ef það er hægt.
- ▶ Veljið eldunaráhöld í stærð sem hentar fyrir það sem á að matreiða. Stór pottur sem lítið er sett í krefst mikillar orku.

8 Prif og umhirða

- ▶ Fylgja skal öllum öryggisupplýsingum og viðvörðunum (sjá kaflann „Öryggi“).
- ▶ Fylgja skal meðfylgjandi leiðbeiningum framleiðanda.
- ▶ Til að koma í veg fyrir slys skal ávallt ganga úr skugga um að slökkt hafi verið alveg á helluborðinu og gufugleypinum og að tækin hafi náð að kólna áður en reglubundin þrif og viðhald fara fram (sjá kaflann „Notkun“).
- Reglubundin þrif og umhirða tryggja langan endingartíma vörunnar og sem besta virkni.
- ▶ Sinna skal þrifum og umhirðu með eftirfarandi millibili:

Íhlutur	Tími milli þrifa
Stjórnborð	Strax þegar um óhreinindi er að ræða
Helluborð	Strax þegar um óhreinindi er að ræða og auk þess vandlega í hverri viku með venjulegum keramikhreinsi
Gufugleypir	Vikulega
Loftinntakstúða og fitusía	Í hvert sinn sem eldaður hefur verið fituríkur matur; að minnsta kosti vikulega þegar visirinn fyrir víftustillingu sýnir F , ýmist í höndunum eða í uppþvottavél (við mest 65 °C); þrifið fleti úr ryðfríu stáli eingöngu í sömu átt og þeir eru slípaðir!
Loftlagnahús	Á sex mánaða fresti eða þegar skipt er um kolasiur
Kolasiur (aðeins með hringrásarlofti)	Skiptið um þegar lykt myndast, frásogsgetan minnkar og visirinn fyrir víftustillingu sýnir F

Tafla 8.1 Tími milli þrifa

8.1 Hreinsiefni

UPPL. Notkun tærandi hreinsiefna og potta með grófum botni orsakar skemmdir á yfirborðinu og dökkir blettir myndast.

Nota þarf sérstaka keramiksköfu og viðeigandi hreinsiefni til að þrifa helluborðið.

- ▶ Notið aldrei gufuhreinsi, grófa svampa, ræstikrem eða sterk hreinsiefni (t.d. ofnahreinsi).
- ▶ Gætið þess að hreinsiefni innihaldi ekki sand, sóða, síru, basa eða klór.

Fyrir loftinntakstúðu og fitusíu

- ▶ Ekki nota tærandi, súr eða basísk hreinsiefni.

8.2 Umhirða helluborðs

- ▶ Ekki má nota helluborðið sem vinnu- eða geymsluflöt.
- ▶ Ekki má ýta eða draga eldunaráhöld yfir helluborðið.
- ▶ Gætið þess að lyfta alltaf pottum og pönnum.
- ▶ Haldið helluborðinu hreinu.
- ▶ Fjarlægjið hvers kyns óhreinindi strax.
- ▶ Notið eingöngu eldunaráhöld sem henta fyrir keramikhelluborð (sjá kaflann „Lýsing á tæki“).

8.3 Helluborðið þrifið

UPPL. Þegar kveikt er á gufugleypinum verður loftinntakstúðan að vera í til að tryggja að engir smáir og léttir hlutir, eins og hreinsiklútar úr taufni eða pappír, sogist inn.

- ▶ Gætið þess að slökkt sé á helluborðinu (sjá kaflann „Notkun“).
- ▶ Bíðið þangað til allar hellurnar eru kaldar.
- ▶ Fjarlægjið öll gróf óhreinindi og matarleifar af helluborðinu með keramiksköfu.
- ▶ Berið hreinsiefnið á kalt helluborðið.
- ▶ Nuddið hreinsiefnið með eldhúspappír eða hreinni tusku.
- ▶ Þurrkið af helluborðinu með vatni.
- ▶ Þurrkið helluborðið með hreinni tusku.

Ef helluborðið er heitt:

- ▶ Fjarlægjið bráðnar leifar af plasti, álpappír, sykri eða mat sem inniheldur sykri af heitri hellunni með keramiksköfu til að koma í veg fyrir að leifarnar brennist inn.

Sérstök óhreinindi

- ▶ Fjarlægja skal mikil óhreinindi og bletti (kalkbletti, glansandi bletti) með hreinsiefni á meðan helluborðið er enn heitt.
- ▶ Mýkið upp þurrar matarleifar með rakri tusku.
- ▶ Fjarlægjið leifar óhreininda með keramiksköfu.
- ▶ Fjarlægjið korn, mylsnu eða álíka sem fellur á helluborðið við matseld alltaf strax til að koma í veg fyrir að yfirborðið rispist.

Litabreytingar og gljáandi yfirborð stafa ekki af skemmdum á helluborðinu. Þær hafa ekki áhrif á virkni helluborðsins og stöðugleika keramiksins.

Upplitan á helluborðinu stafar af leifum sem hafa ekki verið fjarlægðar og hafa brennst inn.


Gljáandi blettir orsakast af núningi við botn potta, sérstaklega þegar notuð eru eldunaráhöld með álbotni, eða óhentugum hreinsiefnum. Mjög erfitt er að fjarlægja þá.

8.4 Gufugleypirinn þrífinn

Loftinntakstúðan og fitusían draga í sig fituna úr gufunni.

- ▶ Gangið úr skugga um að slökkt sé á helluborðinu og gufugleypinum (sjá kaflann „Notkun“).
- ▶ Bíðið þar til viftuvísirinn sýnir ☐.
- ▶ Hreinsið gufugleypinn með tilgreindu millibili.
- ▶ Hreinsið yfirborðsflatu útblásturskerfisins með mjúkri og rakri tusku, hreinsiefni eða mildum gluggahreinsi.
- ▶ Mýkið upp þurr óhreinindi með rakri tusku (ekki rispa!).

8.4.1 Loftinntakstúðan og fitusían tekin úr




Mynd 8.1 Loftinntakstúðan fjarlægð

- [1] Loftinntakstúða
[2] Op til að halda í

Skilyrði:

Vísirinn fyrir viftustillingu sýnir ☐.

- ▶ Haldið um opið [2].
- ▶ Dragið loftinntakstúðuna [1] upp og úr.



Mynd 8.2 Fitusían tekin úr

- [1] Fitusía úr ryðfríu stáli
[2] Handfang
[3] Sogop

- ▶ Takið í handfangið [2] á fitusíunni.
- ▶ Dragið fitusíuna [1] upp úr sogopinu [3].

8.4.2 Loftinntakstúðan og fitusían þrífna

UPPL. Þrifið fleti úr ryðfríu stáli alltaf í sömu átt og þeir eru slípaðir.

UPPL. Þegar ekki er lengur hægt að þrifa fitusíuna almennilega verður að skipta um hana.

Þrifið í höndunum

- ▶ Notið fituleysandi hreinsiefni.
- ▶ Skolið af loftinntakstúðunni og fitusíunni með heitu vatni.
- ▶ Þrifið loftinntakstúðuna og fitusíuna með mjúkum bursta.
- ▶ Að þrífum loknum skal skola vandlega af loftinntakstúðunni og fitusíunni.

Prif í uppþvottavél

- ▶ Hreinsið loftinntakstúðuna og fitusíuna með þvottakerfi með að hámarki 65 °C.

8.4.3 Fitusían og loftinntakstúðan settar í


- ▶ Takið í handfangið [2] á fitusíunni.
- ▶ Setjið fitusíuna [1] í sogopið.
- ▶ Gætið þess að fitusían hvíli á neðri botni hússins. Ekki er gert ráð fyrir læsingu og hún er heldur ekki nauðsynleg.
- ▶ Haldið um opið [2] á loftinntakstúðunni.
- ▶ Setjið loftinntakstúðuna [1] inni í mitt sogopið.
- ▶ Þrýstið loftinntakstúðunni niður þar til hún skorðast.

8.5 Loftlagnahúsið þrifið

Á yfirborði loftlagnahússins geta safnast fyrir fita og kalk úr gufunni frá matseldinni. Af þessum sökum verður grunnhreinsun að fara fram reglulega. Loftlagnahúsið er neðan á helluborðinu, í neðri skápnum.

8.5.1 Loftlagnahúsið opnað

- ▶ Gangið úr skugga um að slökkt sé á helluborðinu og gufugleypinum (sjá kaflann „Notkun“).
- ▶ Bíðið þar til vísirinn fyrir viftustillingu sýnir ☐.




Mynd 8.3 Loftlagnahúsið opnað

- [1] Læsingar að aftan
[2] Læsingar að framan
[3] Botninn á húsinu
[4] Loftlagnahús

- ▶ Haldið um botn hússins [3] með annarri hendi.
- ▶ Losið um báðar læsingarnar að aftan [1].
- ▶ Losið um báðar læsingarnar að framan [2].
- ▶ Takið botninn af húsinu [3].
- ▶ Prífið loftlagnahúsið [4] og botn hússins [3] með mildu hreinsiefni.

8.5.2 Loftlagnahúsinu lokað



Mynd 8.4 Loftlagnahúsinu lokað

- [1] Loftlagnahús
- [2] Gróp fyrir þéttingu
- [3] Festikrókur
- [4] Láskrækja
- [5] Botninn á húsinu


- ▶ Staðsetjið botn hússins [5] þannig með báðum höndum að láskrækjurnar [4] á botni hússins standist á við festikrókana [3] á húsinu.
- ▶ Setjið botn hússins í þéttingargröpinu [2] á loftlagnahúsinu [1].
- ▶ Prýstið botni hússins [5] upp þar til láskrækjurnar fjórar (tvær að framan, tvær að aftan) skorðast í festikrökunum [3].
- ▶ Athugið hvort allar fjórar láskrækjurnar [4] eru rétt festar.

8.6 Skipt um kolasiú

Aðeins þegar gufugleypirinn vinnur með hringrásarlofti eru tvær kolasiúr notaðar til viðbótar við fitusíuna úr ryðfríu stáli. Kolasiurnar eyða lykt sem myndast við matseldina.

UPPL. Skipta verður um kolasiurnar þegar vísirinn fyrir viftustillingu sýnir *F* (síuvísir). BAKF-kolasiúr fást í fagverslunum auk þess sem hægt er að panta þær frá BORA á vefsíðunni www.bora.com.


- ▶ Gangið úr skugga um að slökkt sé á helluborðinu og gufugleypinum (sjá kafla 6[1]).
- ▶ Bíðið þar til vísirinn fyrir viftustillingu sýnir \square .



Mynd 8.5 Lok á kolasiúhúsi tekið úr lás

- [1] Ytri læsingar
- [2] Læsing fyrir miðju
- [3] Lok á kolasiúhúsi


Kolasiurnar teknar úr



Mynd 8.6 Ytri læsingarnar opnaðar

- [1] Ytri læsing


- ▶ Opnið báðar ytri læsingarnar [1].



Mynd 8.7 Læsing í miðju opnuð

[1] Læsing fyrir miðju

- ▶ Opnið læsinguna [1] í miðjunni.
- ▶ Setjið lokið á húsina niður þar til það festist.




Mynd 8.8 Kolasíurnar teknar úr

[1] Síuhalda
[2] Kolasía

- ▶ Haldið um kolasíuna [2] með annarri hendi.
- ▶ Ýtið síuhöldunni [1] aftur.
- ▶ Dragið kolasíuna niður og úr.
- ▶ Fleygið notuðum kolasíum með venjulegu heimilissorpi.


Kolasíur settar í



Mynd 8.9 Kolasíur settar í

[1] Kolasía
[2] Síuhalda

- ▶ Komið nýju kolasíunni [1] þannig fyrir að örin sem sýnir áttina vísi aftur og sé sýnileg neðan frá.
- ▶ Rennið kolasíunni inn í húsíð.
- ▶ Ýtið kolasíunni upp þar til síuhaldan [2] festist.



Mynd 8.10 Lokið sett á kolasíuhúsið

[1] Ytri læsingar
[2] Lok á kolasíuhúsi
[3] Læsing fyrir miðju

- ▶ Setjið lokið á kolasíuhúsinu [2] upp.
- ▶ Ýtið mitt á lokið á kolasíuhúsinu þar til læsingin í miðjunni [3] skorðast.
- ▶ Ýtið á hlið loksins á kolasíuhúsinu og lokið ytri læsingunum [1] þannig að þær festist.

Síuvísirinn núllstilltur

- ▶ Endurstillið síuþjónustuáþendinguna (sjá kafla um stýringu).

9 Bilanir lagfærðar

► Fylgið öllum öryggisupplýsingum og viðvörðunum (sjá kaflann „Öryggi“).

Ástand	Orsök	Úrræði
Ekki er hægt að kveikja á helluborði eða víftu.	Öryggi eða sjálfvar í íbúðinni eða húsinu er í ólagi.	Skiptið um öryggi. Sláið sjálfvarinu aftur inn.
	Öryggið eða sjálfvarið slær endurtekið út.	Hringið í þjónustudeild BORA.
	Tenging við rafmagn er rofin.	Látið rafvirkja fara yfir tenginguna við rafmagn.
Lykt og gufa myndast þegar verið er að nota nýja helluborðið.	Þetta er eðlilegt þegar um ný heimilistæki er að ræða.	Haldið áfram að nota tækið í nokkrar klukkustundir. Ef lyktin er áfram fyrir hendi skal hafa samband við þjónustudeild BORA.
Helluvísirinn sýnir <i>L</i> .	Barnalæsingin er á.	Takið barnalæsinguna af (sjá kaflann „Notkun“).
Tiltekin hella eða allt helluborðið slekkur sjálfkrafa á sér.	Kveikt hefur verið á hellu í of langan tíma.	Kveikið aftur á hellunni (sjá kaflann „Notkun“).
	Vörnin gegn ofhitnun sló út.	(sjá kaflann „Lýsing á tækinu“)
Stíllt er fyrr af afstillingu sjálfkrafa.	Vörnin gegn ofhitnun sló út.	(sjá kaflann „Lýsing á tækinu“)
Vísirinn fyrir víftustillingu sýnir <i>E</i> .	Einn eða fleiri snertihappar eru huldir, t.d. vegna snertingar fingurs eða hluta sem eru ofan á þeim.	Þrifið stjórnborðið eða fjarlægið hlutina (sjá kaflann „Lýsing á tækinu“).
<i>E-03</i> birtist á öllum fjórum helluvísunum og helluborðið slekkur á sér við notkun.		
Helluvísirinn sýnir <i>E</i> .	Villa kom upp í rafeindabúnaði.	Takið rafmagnið af helluborðinu í u.þ.b. 1 mínútu. Ef vandamálið er áfram fyrir hendi eftir að búið er að setja rafmagnið aftur á skal skrá niður villunúmerið og hafa samband við þjónustudeild BORA.
Vísirinn fyrir víftustillingu sýnir <i>F</i> .	Endingartími fyrir síur er liðinn.	Skiptið um kolasíuna (aðeins með hringrásarlofti) og þrifið fitusíuna úr ryðfríu stáli vandlega. Þegar um mikil óhreinindi er að ræða mælum við með því að skipt sé um fitusíuna úr ryðfríu stáli (sjá kaflann „Þrif og umhirða“).
Soggeta gufugleypisins hefur minnkað.	Fitusían úr ryðfríu stáli er orðin mjög óhrein.	Þrifið fitusíuna eða skiptið um hana.
	Kolasían er orðin mjög óhrein (aðeins þegar um hringrásarloft er að ræða).	Skiptið um kolasíu.
	Aðskotahlutur er í loftlagnahúsinu (t.d. hreinsiklútur).	Fjarlægið hlutinn.
	Víftan er í ólagi eða lagnafesting hefur losnað.	Hafið samband við þjónustudeild BORA.

Tafla 9.1 Gert við bilanir

► Í öllum öðrum tilvikum skal hafa samband við þjónustudeild BORA (sjá kaflann „Ábyrgð, tækniþjónusta, varahlutir, aukabúnaður“).

10 Helluborðið tekið úr notkun, fjarlæggt og því fargað

- ▶ Fylgja skal öllum öryggisupplýsingum og viðvörðunum (sjá kaflann „Öryggi“).
- ▶ Fylgja skal meðfylgjandi leiðbeiningum framleiðanda.

10.1 Tækið tekið úr notkun

Pegar tækið er tekið úr notkun er notkun þess hætt fyrir fullt og allt og það er fjarlæggt. Þegar tækið hefur verið tekið úr notkun er ýmist hægt að setja það upp í annarri innréttingu, selja það eða fleygja því.

UPPL. Viðurkenndur fagaðili verður að sjá um að aftengja tækið frá rafmagn og gasi.

- ▶ Þegar taka á tækið úr notkun skal slökkva á því (sjá kaflann „Notkun“).
- ▶ Takið tækið úr sambandi við rafmagn.

10.2 Tækið fjarlæggt

Til þess að hægt sé að fjarlægja tækið þarf að vera hægt að komast að því og það þarf að vera búið að taka það úr sambandi við rafmagn.

- ▶ Losið festiklemmurnar.
- ▶ Fjarlægið silíkonfúgurarnar.
- ▶ Aftengið tækið frá útblásturslögninni.
- ▶ Takið tækið upp úr borðplötunni.
- ▶ Fjarlægið annan aukabúnað.
- ▶ Fjarlægið úr sér gengna tækið og allan mengaðan aukabúnað eins og lýst er í „Umhverfisvæn förgun“.

10.3 Umhverfisvæn förgun

Förgun umbúða vegna flutnings

UPPL. Umbúðirnar verja tækið gegn skemmdum við flutninga. Umbúðaefnin hafa verið valin út frá umhverfissjónarmiðum og sjónarmiðum varðandi förgun og eru þess vegna endurvinnanleg.

Með því að skila umbúðum aftur í efnahringrásina sparast hráefni og það dregur úr magni úrgangs. Söluaðilinn mun taka aftur við umbúðunum.

- ▶ Skilið umbúðunum til söluaðila eða
- ▶ Fargið umbúðunum með viðeigandi hætti samkvæmt gildandi reglum á hverjum stað.

Förgun úr sér gengins tækis



Rafmagnstæki sem eru með þessa merkingu má ekki setja í heimilissorp við lok endingartíma þeirra. Skila verður þeim til móttökustöðva fyrir úr sér genginn raf- og rafeindabúnað. Upplýsingar um þetta fást hjá yfirvöldum á hverjum stað.

Mörg úr sér gengin raf- og rafeindatæki innihalda ennþá verðmæt efni. Þau innihalda hins vegar einnig skaðleg efni sem voru nauðsynleg til þess að tækin störfuðu með réttum og öruggum hætti. Þessi efni geta valdið heilsutjóni og umhverfisspjöllum sé þeim fargað á rangan hátt.

- ▶ Fleygið aldrei úr sér gengnum tækjum með venjulegu heimilissorpi.
- ▶ Skilið úr sér gengna tækinu til næstu móttöku- og endurvinnslustöðvar fyrir raf- og rafeindabúnað og önnur efni.

11 Ábyrgð, tækniþjónusta, varahlutir, aukabúnaður

- Fylgja skal öllum öryggisupplýsingum og viðvörðunum (sjá kaflann „Öryggi“).

11.1 Framleiðsluábyrgð BORA

BORA veitir endanlegum viðskiptavinum 2 ára framleiðsluábyrgð á vörum sínum. Ábyrgðin er endanlegum viðskiptavinum til viðbótar við lögmæltu ábyrgðarkröfur vegna galla á hendur söluaðilum vara okkar.

Framleiðsluábyrgðin gildir fyrir allar vörur BORA, sem keyptar voru frá viðurkenndum söluaðilum BORA í Evrópusambandinu nema vörur sem BORA hefur merkt sem alhliða eða varahlutir.

Framleiðsluábyrgðin hefst við afhendingu söluaðila BORA á BORA vöru til endanlegs viðskiptavinar og gildir í 2 ár. Endanlegur viðskiptavinur á kost á því að framlengja ábyrgðina í 3 ár með skráningu á www.bora.com.

Framleiðsluábyrgðin gengur út frá faglegri (samkvæmt mælikvörðum BORA loftræstingarinnar á tímamarki uppsetningarinnar og notkunarleiðbeininganna) uppsetningu viðurkennds BORA söluaðila á BORA vörum. Endanlegi viðskiptavinurinn skal fylgja fyrirmælum og ábendingum notkunarleiðbeininganna við notkun.

Til að ábyrgðin taki gildi verður endanlegi viðskiptavinurinn að tilkynna um gallann hjá söluaðila eða beint hjá BORA og sýna fram á sölukvittun frá kaupunum. Einnig getur endanlegi viðskiptavinurinn sýnt fram á kaupin með skráningu á www.bora.com.

BORA ábyrgist að allar BORA vörur séu lausar við efnis- og framleiðslugalla. Gallinn verður að hafa verið til staðar við afhengingu vörunnar til endanlega viðskiptavinarins. Þegar ábyrgðarkrafa er gerð hefst ekki nýr ábyrgðartími. BORA mun annaðhvort gera við BORA vörur eða skipta þeim út ef galli kemur upp. BORA ber allan kostnað við lagfæringu á göllum sem falla undir framleiðsluábyrgðina. Undir framleiðsluábyrgð BORA falla ekki:

- BORA vörur sem ekki voru keyptar hjá viðurkenndum söluaðilum
- Skemmdir af völdum þess að notkunarleiðbeiningunum var ekki fylgt (á einnig um umhirðu og þríf á vörinni). Slíkt felur í sér óviðeigandi notkun.
- Skemmdir af völdum eðlilegs slits, t.d. ummerki um notkun á hellum
- Skemmdir af völdum ytri áhrifa (eins og flutningsskemmdir, þéttivatns, af völdum ytri afla eins og eldinga)

- Skemmdir af völdum viðgerða eða viðgerðatilrauna sem ekki eru framkvæmdar af BORA eða aðilum sem BORA hefur veitt heimild til slíks.
- Skemmdir á glerkeramiki
- Spennusveiflur
- Afleiddar skemmdir eða bótakröfur sem ná lengra en gallinn
- Skemmdir á plasthlutum

Lögmæltar kröfur, einkum lögmæltar kröfur vegna galla eða vöruábyrgðar, takmarkast ekki af ábyrgðinni.

Ef galli nær ekki undir framleiðsluábyrgðina getur endanlegi viðskiptavinurinn haft samband við tækniþjónustu BORA á eigin kostnað.

Lög Sambandslýðveldisins Þýskalands gilda um þessa ábyrgðarskilmála.

Hafðu samband:

- Sími: +800 7890 0987 mánudaga til fimmtudaga kl. 08:00 – 18:00 og föstudaga frá kl. 08:00 – 17:00
- Netfang: info@bora.com

11.1.1 Framlenging á ábyrgð

Með því að skrá sig á www.bora.com/registration er hægt að framlengja ábyrgðina.

11.2 Þjónusta

Þjónustudeild BORA:

Sjá baksíðu notkunar- og uppsetningarleiðbeininganna



- Þegar bilanir koma upp sem notandi getur ekki gert við sjálfur skal hafa samband við söluaðila BORA eða þjónustudeild BORA.

Þjónustudeild BORA þarf að fá gerðarheitið og framleiðslunúmer tækisins (FD-númerið).

Báðar upplýsingar eru að finna á tegundarplötunni á ábyrgðarskiltinu og á neðri hlið tækisins.

11.3 Varahlutir

- Aðeins má nota upprunalega varahluti við viðgerðir.
- Einungis þjónustudeild BORA má annast viðgerðir.

UPPL. Varahlutir fást hjá söluaðilum BORA, á þjónustusíðu BORA á slóðinni www.bora.com/service og með því að hringja í þjónustusímann.

11.4 Aukabúnaður

- Fitusía úr ryðfríu stáli BFF
- Loftinntakstúða BFIED
- Loftinntakstúða All Black BEDAB
- Péttlímband UDB25
- Helluborðsrammi BKR760

Sérstakur aukabúnaður BHA:

- Breytingasett fyrir hringrásarloft BUSU
- Framlenging á útblásturslögn BLAVH1

Sérstakur aukabúnaður BHU:

- Kolasíusetið BAKFS
- Breytingasett fyrir loftúttak BUSAE

12 Glósur

Upplýsingaplata:
(vinsamlegast límið á)

Þýskaland:

BORA Lüftungstechnik GmbH
Rosenheimer Str. 33
83064 Raubling
Þýskaland
S +49 (0) 8035 / 9840-0
F +49 (0) 8035 / 9840-300
info@bora.com
www.bora.com

Austurríki:

BORA Vertriebs GmbH & Co KG
Innstraße 1
6342 Niederndorf
Austurríki
S +43 (0) 5373 / 62250-0
F +43 (0) 5373 / 62250-90
mail@bora.com
www.bora.com

Evrópa:

BORA Holding GmbH
Innstraße 1
6342 Niederndorf
Austurríki
S +43 (0) 5373 / 62250-0
F +43 (0) 5373 / 62250-90
mail@bora.com
www.bora.com

Ástralía – Nýja-Sjáland:

BORA APAC Pty Ltd
100 Victoria Road
Drummoyne NSW 2047
Ástralía
S +61 2 9719 2350
F +61 2 8076 3514
info@boraapac.com.au
www.bora-australia.com.au

